

# RÍKISREIKNINGUR 2007

HEILDARYFIRLIT

**fjs** FJÁRSÝSLA  
RÍKISINS



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI

RÍKISREIKNINGUR  
2007



HEILDARYFIRLIT

**Merking tákna**

- núll, þ.e. ekkert
- 0 talan er minni en helmingur þeirrar einingar sem notuð er
- . tala á ekki að koma eðli málsins samkvæmt
- ... niðurstaða ekki marktæk
- , komma aðskilur heila tölu og aukastafi

**Stytting fjárhæða**

Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölu vegna styttingar talna. Fjárhæðir eru stytta vélrænt. Heildarsamtölur eru stytta sérstaklega.

ISBN 9979-890-23-1

Útlit: Hið Opinbera!

Umbrot og prentvinnsla: Gutenberg

# EFNISYFIRLIT

<b>Inngangsorð fjármálaráðherra</b>	<b>5</b>
<b>Uppgjör og afkoma ríkissjóðs 2007</b>	<b>7</b>
<b>Áritun fjármálaráðherra og fjársýslustjóra</b>	<b>13</b>
<b>Áritun ríkisendurskoðanda</b>	<b>15</b>
<b>Yfirlitsreikningur A-hluta ríkissjóðs</b>	<b>17</b>
Rekstrarreikningur	18
Efnahagsreikningur	19
Sjóðstreymi	20
<b>Skýringar með reikningi A-hluta ríkissjóðs</b>	<b>21</b>
1. Ríkisreikningur og reikningskilareglur ríkisaðila	23
2. Tekjujöfnuður og lánsfjárbörf A-hluta ríkissjóðs	25
3. Tekjur A-hluta ríkissjóðs	26
4. Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	29
5. Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	30
6. Skattur á fjármagnstekjur	30
7. Skattar á launagreiðslur og vinnuafli	31
8. Eignarskattar	31
9. Virðisaukaskattur	32
10. Vörugjöld	33
11. Sértekir þjónustuskattar	34
12. Neyslu- og leyfisskattar	34
13. Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	35
14. Aðrir skattar	35
15. Tryggingagjöld	36
16. Fjárframlög	37
17. Vaxtatekjur	37
18. Arðgreiðslur	38
19. Ýmsar eignatekjur	38
20. Neyslu- og leyfisgjöld	39
21. Sektir og skaðabætur	39
22. Ýmsar tekjur	40
23. Sala efnislegra eigna	40
24. Tekjur af peningalegum eignum	41
25. Gjöld A-hluta ríkissjóðs	42
26. Gjöld æðstu stjórnar ríkisins	46
27. Gjöld forsætisráðuneytis	47
28. Gjöld menntamálaráðuneytis	48
29. Gjöld utanríkisráðuneytis	49
30. Gjöld landbúnaðarráðuneytis	50
31. Gjöld sjávarútvegsráðuneytis	51
32. Gjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis	52
33. Gjöld félagsmálaráðuneytis	53

34. Gjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	54
35. Gjöld fjármálaráðuneytis	57
36. Gjöld samgönguráðuneytis	60
37. Gjöld iðnaðarráðuneytis	61
38. Gjöld viðskiptaráðuneytis	62
39. Gjöld Hagstofu Íslands	63
40. Gjöld umhverfisráðuneytis	64
41. Fjármagnskostnaður	65
42. Hlutabréf og eignarhlutir í fyrirtækjum	66
43. Erlent stofné	68
44. Veitt löng lán	68
45. Vöru- og efnisbirgðir	69
46. Óinnheimtar ríkistekjur	69
47. Skammtímakröfur, aðrar	70
48. Handbært fé, nettó	70
49. Eigið fé	71
50. Lífeyrisskuldbindingar	73
51. Áfallnir ógjaldfallnir vextir, langtímaskuldir	74
52. Tekin löng lán	75
53. Krafa á ríkistekjur	76
54. Ógreidd gjöld (án vaxta)	77
55. Áfallnir ógjaldfallnir vextir, skammtímaskuldir	77
56. Tekin stutt lán	77
57. Aðrar skammtímaskuldir	78
<b>Séryfirlit A-hluta ríkissjóðs</b>	<b>79</b>
1. Tekjur ríkissjóðs — sundurliðun	81
2. Gjöld ráðuneyta og stofnana	85
3. Útkoma ráðuneyta og stofnana gagnvart fjárheimildum	96
4. Tekjur ráðuneyta og stofnana	106
5. Heildarfjárheimildir ársins hjá ráðuneytum og stofnunum	114
6. Millifærslur fjárheimilda innan A-hluta	124
7. Skattastyrkir eftir skatttegundum	135
8. Skattastyrkir eftir málaflokkum	136
9. Markaðar tekjur réttthafa	137
10. Sala efnislegra eigna	141
11. Veitt og tekin lán A-hluta	143
12. Spariskírteini ríkissjóðs	144
13. Ríkisbréf	145
14. Lánaendurgreiðslur út lánstímann	146
15. Eignaskrá ríkisins yfir varanlega rekstrarfjármuni	147
<b>Lykiltölur úr ársreikningum utan A-hluta</b>	<b>149</b>
Ríkisaðilar utan A-hluta ríkissjóðs	151
B-hluti. Ríkisfyrirtæki	152
C-hluti. Lánastofnanir ríkisins	153
D-hluti. Fjármálastofnanir ríkisins	154
E-hluti. Hlutafélög og sameignarfélög að hálfu eða meira í eigu ríkissjóðs	155



## INNGANGSORÐ FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Ríkissjóður skilaði góðri afkomu á árinu 2007 eins og ríkisreikningur ársins ber með sér. Rekstrarreikningur sýnir 88,6 milljarða króna tekjuafgang eða sem nemur 18,2% af tekjum ársins. Árið 2006 var 81,8 milljarða króna afgangur eða um 19,5% af tekjum ársins. Síðustu þrjú ár hefur ríkissjóður skilað samanlagt 283 milljarða króna tekjuafgangi. Í árslok 2007 var ríkissjóður í fyrsta sinn í sögunni með jákvætt eigið fé en það nam tæpum 10 milljörðum króna. Til samanburðar var eigið fé ríkissjóðs neikvætt um 198 milljarða króna í árslok árið 2000 á verðlagi þess tíma.

Tekjur ársins urðu alls 486 milljarðar króna á árinu 2007 en árið 2006 námu þær 422 milljörðum króna. Hækkun milli ára nam 66 milljörðum króna eða 15,2% eða 9,7% að raungildi miðað við vísitölu neysluverðs. Tekjur af sköttum á sölu vöru og þjónustu nema 195 milljörðum króna. Hækkun frá fyrra ári er um 9 milljarðar og vegur þar þyngst að tekjur af virðisaukaskatti hækka um tæpa 6 milljarða. Tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjum og sköttum á tekjur einstaklinga og hagnað fyrirtækja nema alls 153 milljörðum króna samanborið við 138 milljarða árið á undan. Skattar á tekjur einstaklinga nema 86 milljörðum og hækka um 4,9% frá fyrra ári, skattar á hagnað fyrirtækja nema 37 milljörðum og hækka um 11,3% og skattar á fjármagnstekjur eru rúmlega 31 milljarður króna og nemur hækkun þeirra 32%. Tekjur af eignasölu og endurmati stofnfjár nema alls 35 milljörðum króna þar af námu tekjur af sölu eigna á fyrrum varnarsvæði og eignarhlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja 21 milljarði og endurmat á eignarhluta ríkissjóðs í Landsvirkjun 14 milljörðum.

Gjöld ársins 2007 reyndust 398 milljarðar króna en árið 2006 námu gjöldin 340 milljörðum. Hækkunin milli ára nam 57 milljörðum og er hún 16,9% eða 11,3% að raungildi. Heilbrigðismál eru sem fyrr stærsti útgjaldaliður ríkisins eða tæplega fjórðungur af ríkisútgjöldum og var 95 milljörðum króna varið til þeirra. Hækkunin frá fyrra ári er 9,5 milljarðar eða 5,8% að raungildi. Næst mest eru gjöld vegna almannatrygginga og velferðamála. Þau nema 85 milljörðum og

hækka um 9,1% að raungildi. Undir þennan málaflokk falla meðal annars 28 milljarða króna útgjöld vegna öldrunarmála, gjöld vegna örorku og fötlunar nema 25 milljörðum, barna- og vaxtabætur eru 13,5 milljarðar og gjöld vegna fæðingarorlofs eru 8 milljarðar. Gjöld til menntamála námu 38 milljörðum og hækka um 4 milljarða eða um 6,5% að raungildi. Hér er einkum um að ræða gjöld til háskólastigsins sem voru 19 milljarðar og til framhaldsskólastigsins sem nema 16 milljörðum. Gjöld til efnahags- og atvinnumála námu 52 milljörðum og hækka þau um 6 milljarða frá fyrra ári eða 8,5% að raungildi. Hér er m.a. um að ræða 25 milljarða til samgöngumála og 12 milljarða vegna landbúnaðarmála. Gjöld vegna annarra málaflokka nema samtals 127 milljörðum króna. Af veigamestu útgjöldum sem hér falla undir eru 16 milljarðar til menningar-, íþrótt- og trúmála, 15 milljarðar til löggæslu- og öryggismála, 20 milljarðar vegna lífeyriskuldbindinga, fjármagnskostnaður er 22 milljarðar og afskriftir skattkrafna 8,5 milljarðar.

Í hnotskurn vænkaðist hagur ríkissjóðs töluvert á árinu 2007. Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 69 milljarða króna. Góð afkoma ársins var meðal annars nýtt til að efla eiginfjárstöðu Seðlabankans um 44 milljarða og staða á bankareikningum batnaði um 12 milljarða sem í lok árs námu alls 104 milljörðum. Langtímalántökur ríkissjóðs á árinu námu 107 milljörðum króna en afborganir voru 81 milljarður. Mismunurinn skýrist einkum af lántökum vegna kaupa ríkissjóðs á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrar í Landsvirkjun. Kaupverðið nam 30 milljörðum og voru þau fjármögnuð með 27 milljarða lántöku en afgangurinn var greiddur með reiðufé. Hreinar skuldir ríkissjóðs, þ.e. tekin lán og lífeyriskuldbindingar að frádregnum lánveitingum, námu 288 milljörðum í árslok 2007 eða 22,5% af landsframleiðslu ársins. Er það nær óbreytt hlutfall frá fyrra ári. Niðurstöðutölur efnahagsreiknings sýna í fyrsta sinn jákvætt eigið fé hjá ríkissjóði en staðan breyttist á árinu 2007 úr því að vera neikvæð um 63 milljarða í ársbyrjun í að vera jákvæð um 10 milljarða í árslok.



## UPPGJÖR OG AFKOMA RÍKISSJÓÐS 2007

Ríkisreikningur er settur fram í samræmi við lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins. Samkvæmt lögnum skal birta í ríkisreikningi hverju sinni upplýsingar úr ársreikningum allra ríkisaðila. Uppbygging reikningsins tekur að miklu leyti mið af framsetningu ársreikninga fyrirtækja eftir því sem við getur átt og innan marka laganna um fjárreiður ríkisins.

Reikningurinn fyrir árið 2007 er settur fram í tveimur hlutum. Annars vegar er Ríkisreikningur 2007 – Heildaryfirlit þar sem sýnd er afkoma allra ríkisaðila. Þar kemur meðal annars fram samstæðureikningur fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild og samanburður á útkomu við fjárheimildir hjá einstökum liðum. Jafnframt eru þar sýndar lykiltölur úr ársreikningum annarra ríkisaðila, þ.e. ríkisfyrirtækja í B-hluta, lánastofnana í C-hluta, fjármálastofnana í D-hluta og hlutafélaga og sameignarfélaganna í E-hluta. Hins vegar er Ríkisreikningur 2007 – Ársreikningar ríkisaðila sem sýnir reikninga einstakra A-hluta aðila og helstu niðurstöður úr ársreikningum annarra ríkisaðila.

### Afkoma ríkissjóðs

Rekstrarreikningur ríkissjóðs fyrir árið 2007 sýnir 88,6 milljarða króna tekjuafgang eða sem nemur 18,2% af tekjum ársins. Árið 2006 var 81,8 milljarða króna afgangur eða um 19,4% af tekjum ársins. Síðustu þrjú ár hefur ríkissjóður skilað samanlagt 283,2

milljarða króna tekjuafgangi. Í árslok 2007 var ríkissjóður gerður upp með jákvætt eigið fé en það nam 9,7 milljörðum króna. Er það í fyrsta sinn síðan núverandi uppgjörsaðferðir voru teknar upp árið 1998. Til samanburðar var eigið fé ríkissjóðs neikvætt um 198,1 milljarð króna í árslok árið 2000 á verðlagi þess tíma.

Árið 2007 komu til sérstakar eins skiptis tekjufærslur hjá ríkissjóði sem eru af tvennum toga. Annars vegar 12,8 milljarða króna sala eigna á fyrrum varnarsvæði á Keflavíkurflugvelli og hagnaður af sölu hlutafjár í Hitaveitu Suðurnesja sem nam 6,1 milljarði króna. Hins vegar eru tekjur vegna endurmatís á verðmæti Landsvirkjunar og Flugstöða ohf. samtals að fjáhæð 14,8 milljarðar króna. Að þessum liðum frátöldum nemur tekjuafgangurinn 54,8 milljörðum króna. Á árinu 2006 námu sambærilegar sérstakar tekjufærslur 12,2 milljörðum króna vegna endurmetins virðis á eign ríkissjóðs í Rarik í tengslum við breytingu á fyrirtækinu í hlutafélag. Án þeirra tekna hefði afgangurinn á árinu 2006 numið 69,6 milljörðum króna.

Hér á eftir verður fjallað um niðurstöður ríkisfjármálanna á árinu 2007 og þær bornar saman við þær áætlanir sem lagt var upp með við afgreiðslu Alþingis á fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2007. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjármál ríkissjóðs árin 2007 og 2006 ásamt samanburði við áætlanir fjárlaga og fjárukalaga fyrir árið 2007.

### Yfirlit 1. Fjármál ríkissjóðs 2007 og 2006

Í millj. kr.	Reikningur 2007	Fjárlög/ Fjárukalög 2007	Frávik Fjárhæð	%	Reikningur 2006
Tekjur samtals	486.129	472.177	13.952	3,0	421.963
Gjöld samtals	397.524	389.374	8.150	2,1	340.166
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>88.604</b>	<b>82.803</b>	<b>5.802</b>	.	<b>81.797</b>
<b>Lánsfjárafgangur/lánsfjárbörf, nettó (+/-)</b>	<b>-13.848</b>	<b>-12.596</b>	<b>-1.252</b>	.	<b>-31.799</b>
<b>Tekin lán, nettó</b>	<b>25.999</b>	<b>27.300</b>	<b>-1.301</b>	.	<b>71.297</b>
Innlend lán	37.026	...	.	.	4.767
Erlend lán	-11.027	...	.	.	66.529
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>12.151</b>	<b>14.704</b>	<b>-2.553</b>	.	<b>39.498</b>
<b>Hlutfall af vergri landframleiðslu, %</b>					
Tekjur samtals	38,0	36,9	.	.	36,1
Gjöld samtals	31,1	30,4	.	.	29,1
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>6,9</b>	<b>6,5</b>	.	.	<b>7,0</b>
<b>Lánsfjárafgangur/lánsfjárbörf, nettó (+/-)</b>	<b>-1,1</b>	<b>-1,0</b>	.	.	<b>-2,7</b>

Undanfarin ár hafa mikill hagvöxtur og umsvif einkennt íslenskt efnahagslíf. Á mælikvarða landsframleiðslunnar mældist hagvöxturinn 3,8% á árinu 2007, 4,4% árið 2006 og tæplega 8% næstu

tvö ár þar á undan. Áhrif þessa hafa komið glögg fram í tekjum ríkissjóðs og þær aukist jafnt og þétt að raungildi.



Tekjuafgangur ríkissjóðs á árinu 2007 að fjárhæð 88,6 milljarðar króna svarar til 6,9% af landsframleiðslu ársins samanborið við 7,0% árið á undan. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2007 í desember árið 2006 var gert ráð fyrir 9,2 milljarða króna afgangi. Eftir samþykkt fjárukalaga fyrir árið 2007 í desember sl. var afgangurinn áætlaður 82,8 milljarðar króna eða 6,5% af landsframleiðslu. Útkoma ársins sýnir því aðeins hagstæðari tekjuafkomu en áætlað var við afgreiðslu fjárukalaga.

Tekjur ríkissjóðs námu alls 486,1 milljarði króna á árinu 2007 en áætlaðar tekjur ríkissjóðs ársins við afgreiðslu fjárukalaga í desember sl. námu 472,2 milljarðar króna. Útkoma ársins reyndist því 14,0 milljarða króna umfram áætlun eða um 2,9%. Einstakir tekjustofnar voru þó ýmist umfram eða undir áætlun. Helstu frávik umfram áætlun voru í tekjum af virðisaukaskatti 3,7 milljarðar króna og arðgreiðslum 2,3 milljarðar króna. Þá voru tekjur af endurmetnu verðmæti Landsvirkjunar og Flugstoða ohf. að fjárhæð 14,8 milljarðar króna ekki inni í áætlunum. Undir áætlun var tekjuskattur einstaklinga um 4,1 milljarð króna, tekjuskattur lögaðila 4,4 milljarða króna, skattur á fjármagnstekjur 2,7 milljarða króna og tekjur af sölu efnislegra eigna 2,1 milljarðar króna.

Tekjur ríkissjóðs á árinu 2007 að fjárhæð 486,1 milljarður króna jafngilda 38,0% af landsframleiðslu ársins. Árið 2006 námu tekjurnar 422,0 milljörðum króna eða 36,1% af landsframleiðslunni. Hækkun á milli ára nam 66,2 milljörðum króna eða um 15,2%. Meðalvísitala neysluerðs hækkaði um 5,0% á milli árunna 2006 og 2007, þannig að tekjurnar hækkuðu um 9,7% að raungildi.

Við samanburð á breytingum tekna á milli ára hjá ríkissjóði er eðlilegt að einangra áhrif eins skiptis tekjuliða sem koma fram við sölu efnislegra eigna og tekjur af peningalegum eignum. Sala efnislegra eigna nam 14,3 milljörðum króna árið 2007 samanborið við 1,7 milljarða króna árið á undan. Háar tekjur á árinu 2007


skýrast einkum af sölu eigna á fyrrum varnarsvæði við Keflavík-urflugvöll eða sem nam 12,8 milljörðum króna. Þá námu tekjur ríkissjóðs af peningalegum eignum 21,0 milljarði króna á árinu 2007 samanborið við 12,5 milljarða króna árið 2006. Tekjurnar árið 2007 skýrast af hagnaði af sölu hlutabréfa í Hitaveitu Suðurnesja sem nam 6,1 milljarði króna og 14,8 milljarða króna matshækkun á verðmæti fyrirtækja í eigu ríkissjóðs, þar af Landsvirkun 13,5 milljarða króna og Flugstoðir ohf. 1,3 milljarða króna. Árið 2006 nam matshækkun á Rarik ohf. 12,2 milljörðum króna í tengslum við hlutafélagavæðingu fyrirtækisins.

Að frátöldum framangreindum tekjuliðum námu tekjurnar 450,8 milljörðum króna árið 2007 samanborið við 407,8 milljarða króna árið á undan. Hækkun á milli ára nemur 43,1 milljarði króna eða um 5,3% að raungildi. Í krónum talið er tekjuaukningin mest í fjármagnstekjuskatti um 7,6 milljarða króna, vaxtatekjum 6,8 milljarða króna, virðisaukaskatti 5,6 milljarða króna, tekjuskatti einstaklinga 4,1 milljarð króna og tekjuskatti lögaðila 4,2 milljarða króna. Að raungildi hækkuðu tekjur af fjármagnstekjuskatti um 25,9%, tekjuskatti lögaðila um 7,4% og vaxtatekjur um 31,4%. Vörugjöld voru nánast óbreytt að raungildi milli ára, en tekjur af virðisaukaskatti lækkuðu um 0,7% og tryggingagjöldum um 1,8%.


Tekjur ríkissjóðs í heild skiptust hlutfallslega þannig á árinu 2007 (svigatölur fyrir árið 2006): skatttekjur og tryggingagjöld 84,0% (89,4%), aðrar tekjur 8,5% (6,9%), fjárframlög 0,2% (0,4%), sala efnislegra eigna 3,0% (0,4%) og tekjur af peningalegum eignum 4,3% (3,0%). Af einstökum tekjustofnum ríkissjóðs er virðisaukaskattur veigamestur en hann skilaði 28,3% (31,3%) af tekjunum, tekjuskattar einstaklinga 17,6% (19,3%), vörugjöld 9,4% (10,3%) og tryggingagjöld 8,1% (9,1%).

Mynd 1 sýnir hlutfallslegt vægi helstu tekjustofna ríkissjóðs á árinu 2007.

Mynd 1. Tekjur ríkissjóðs 2007, %



Mynd 2. Gjöld ríkissjóðs 2007, %



Heildarfjárheimildir til ráðstöfunar á ári hverju samanstanda af fjárheimildum ársins samkvæmt fjárlögum og fjárukalögum að viðbættum fluttum fjárheimildum frá árinu á undan. Heildarfjárheimildir ársins 2007 námu 407,1 milljarði króna, þar af voru 367,3 milljarðar króna samþykktar við afgreiðslu fjárlaga í desember 2006 og 22,1 milljarður króna við afgreiðslu fjárukalaga í desember árið 2007. Fluttar fjárheimildir frá árinu 2006 voru samtals 17,7 milljarðar króna.

Gjöld ríkissjóðs reyndust 397,5 milljarðar króna og voru 9,5 milljörðum króna lægri en nam heildarfjárheimildum ársins 2007. Niðurstaða gjalda var því 2,3% undir heildarfjárheimildum ársins. Af einstökum stórum liðum þar sem gjöld fóru fram úr fjárheimildum eru lífeyrisskuldbindingar um 15,1 milljarð króna, Landspítali - háskólasjúkrahús 0,5 milljarða króna og heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu 0,4 milljarða króna. Stærstu liðirnir þar sem gjöldin reyndust undir fjárheimildum voru lífeyristryggingar um 3,6 milljarða króna, framlög til alþjóðastofnana 1,9 milljarða króna, afskriftir skattkrafna 1,5 milljarða króna, Fjarskiptasjóður 1,0 milljarð króna, Úrvinnslusjóður 1,0 milljarð króna, öldrunarstofnanir almennt 1,0 milljarð króna og Hafnabótasjóður 0,9 milljarða króna.

Gjöld ríkissjóðs á árinu 2007 að fjárhæð 397,5 milljarðar króna svara til 31,1% af landsframleiðslu ársins. Árið 2006 námu gjöldin 340,2 milljörðum króna eða 29,1% af landsframleiðslunni. Hækkun á milli ára nam 57,4 milljörðum króna, 16,9% eða um 11,3% að raungildi miðað við breytingar neysluverðsvisitölnnar.

Útgjöld til heilbrigðismála, almannatrygginga og velferðarmála og menntamála vega þungt hjá ríkissjóði og námu þau alls 218,0 milljörðum króna eða 54,8% af gjöldum ríkisins á árinu 2007. Árið 2006 námu gjöld þessara málaflokka 193,7 milljörðum króna eða um 56,9% af gjöldum ársins. Hækkun á milli ára nemur 12,6% eða um 7,2% að raungildi.

Gjöld til heilbrigðismála námu 95,2 milljörðum króna eða 23,9% af gjöldum ríkissjóðs. Árið 2006 var hlutfallið 25,2%. Hækkun á milli ára nam 9,5 milljörðum króna eða 5,8% að raungildi. Af gjöldum sem falla undir þennan málaflokk má nefna sjúkrahúsþjónustu 65,8 milljarða króna, almenna heilsugæslu 9,5 milljarða króna, lækningavörur og hjálpartæki 9,1 milljarð króna og sérfræðiþjónustu 8,3 milljarða króna.

Gjöld til almannatrygginga og velferðarmála námu 85,0 milljörðum króna eða 21,4% af gjöldum ríkissjóðs samanborið við 21,8% árið á undan. Hækkun á milli ára var 10,8 milljarðar króna eða sem nemur 9,1% hækkun að raungildi. Undir þennan málaflokk falla meðal annars útgjöld vegna öldrunarmála 27,9 milljarðar króna, örorku og fötlunar 24,9 milljarðar króna, barna- og vaxtabætur 13,5 milljarðar króna og fæðingarorlof 8,2 milljarðar króna.

Gjöld til menntamála námu 37,8 milljörðum króna eða 9,5% af gjöldum ríkissjóðs samanborið við 9,9% árið á undan. Hækkun á milli ára nam 4,0 milljörðum króna eða um 6,5% að raungildi. Hér er einkum um að ræða útgjöld til háskólastigsins 18,8 milljarða króna og framhaldsskólastigsins 15,8 milljarða króna.

Gjöld til efnahags- og atvinnamála námu 52,4 milljörðum króna eða 13,2% af gjöldum ríkissjóðs. Hlutfallið var 13,5% árið 2006. Gjöldin hækkðu um 6,4 milljarða króna á milli ára eða um 8,5% að raungildi. Hér er meðal annars um að ræða framlög til vegasamgangna 18,2 milljarðar króna, greiðslur vegna landbúnaðar 11,8 milljarðar króna og flugsamgöngur 5,3 milljarðar króna.


Gjöld vegna annarra málaflokka námu samtals 127,1 milljarði króna eða 32,0% af gjöldum ríkissjóðs. Af veigamikum útgjöldum sem falla hér undir eru menningar-, íþróttá- og trúmál 16,1 milljarður króna, löggæsla- og öryggismál 15,4 milljarðar króna, lífeyrisskuldbindingar 19,9 milljarðar króna, fjármagnskostnaður 22,2 milljarðar króna og afskriftir skattkrafna 8,5 milljarðar króna.

Hagræn skipting gjalda ríkissjóðs á árinu 2007 var þannig að rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar námu 47,4% af heildargjöldum ríkissjóðs. Þar af námu launagjöld 26,4%, lífeyrisskuldbindingar 5,3%, fjármagnstekjuskattur 0,6%, önnur gjöld 22,5% og sértekjur til lækkunar gjöldum 7,4%. Önnur útgjöld ríkissjóðs skiptust þannig að fjármagnskostnaður nam 5,6%, rekstrar- og neyslutilfærslur 39,3%, viðhaldsgjöld 1,6%, stofnkostnaður 4,6% og fjármagnstilfærslur 1,5%.

Á undanförunum árum hefur tekjuafkoma og lánsfjárbörf ríkissjóðs sveiflast nokkuð á milli ára. Þetta kemur fram á mynd 3 en þar eru einnig sýnd heildargjöld og heildartekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu á tímabilinu 1991-2007.

Mynd 3. Lykilstærðir í fjármálum ríkissjóðs 1991-2007

### Hlutfall af vergri landsframleiðslu



Töluverðar hreyfingar voru á lánareikningum ríkissjóðs á árinu 2007. Niðurstaða ársins sýndi hreina lánsfjárbörf sem nam 13,8 milljörðum króna eða um 1,1% af vergri landsframleiðslu. Lánsfjárbörfin á árinu 2007 skýrist í aðalatriðum af tveimur þáttum. Annars vegar eru kaup ríkissjóðs í ársbyrjun á 49,9% hlut í Landsvirkjun af Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ fyrir 30,2 milljarða króna. Kaupverðið var fjármagnað með 3,4 milljörðum króna í reiðufé og 26,9 milljarða króna skuldabréfum við Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga og Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar. Hins vegar var 44,0 milljarða króna framlag ríkissjóðs til Seðlabanka Íslands til að styrkja eiginfjárstöðu hans. Árið 2006 nam lánsfjárbörf ríkissjóðs 2,7% af vergri landsframleiðslu og skýrist hún af 89,6 milljarða króna erlendri lántöku ríkissjóðs til að styrkja gjaldeyrissvarasjóð Seðlabanka Íslands. Næstu þrjú ár á undan var ríkissjóður með lánsfjárafgang sem nam 7,5% af vergri landsframleiðslu árið 2005, 1,2% árið 2004 og 0,4% árið 2003.

Heildarlántökur ríkissjóðs námu 107,2 milljörðum króna á árinu

2007, þar af var aflað 102,8 milljarða króna innanlands og 4,4 milljarða króna erlendis. Innlendar lántökur voru 50,1 milljarður króna í skammtíma ríkisvixlum, 25,8 milljarða króna í ríkisbréfum og 26,9 milljarðar króna við kaupin á Landsvirkjun. Afborganir af teknum lánum voru alls 81,2 milljarðar króna, þar af voru 65,8 milljarðar króna af innlendum lánum og 15,4 milljarðar króna af erlendum. Afborganir af innlendu lánunum skiptust þannig að innlaun ríkisvixla nam 42,8 milljörðum króna, spariskírteina 0,8 milljörðum króna, ríkisbréf 20,6 milljarðar króna og af öðrum lánum 1,6 milljarðar króna. Í heild voru nýjar lántökur 26,0 milljarða króna umfram afborganir á árinu 2007, þar af um 37,0 milljarða króna á innlendum lánamarkaði en af erlendum lánum voru afborganir 11,0 milljarða króna umfram ný lán.

Yfirlit 2 sýnir stöðu á lánareikningum og umsvif ríkissjóðs á fjármagnsmarkaði á árinu 2007.

## Yfirlit 2. Skuldir og veitt lán ríkissjóðs

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Ný lán umfram afborganir	Endurmat ársins	Staða í árslok
<b>Tekin lán</b>				
Ríkisvixlar	6.254	7.297	-	13.550
Ríkisbréf	89.829	5.159	-	94.987
Spariskírteini	16.914	-833	668	16.748
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	750	-87	-	662
Önnur innlend lán	3.604	25.404	1.704	30.713
<b>Innlend lán samtals</b>	<b>117.350</b>	<b>36.939</b>	<b>2.372</b>	<b>156.661</b>
Erlend lán	175.177	-11.027	-9.799	154.351
<b>Tekin lán samtals</b>	<b>292.527</b>	<b>25.912</b>	<b>-7.427</b>	<b>311.011</b>
<b>Lánveitingar</b>				
Skammtímakröfur umfram skammtímaskuldir	73.036	6.180	0	79.215
Veitt löng lán	169.678	5.973	-1.210	174.441
<b>Lánveitingar samtals</b>	<b>242.713</b>	<b>12.153</b>	<b>-1.210</b>	<b>253.656</b>
<b>Tekin lán umfram lánveitingar</b>				
Lífeyrisskuldbindingar	210.077	-14	20.590	230.652
<b>Hreinar skuldir</b>	<b>259.890</b>	<b>13.745</b>	<b>14.373</b>	<b>288.008</b>
<b>Hlutfall af vergri landframleiðslu, %</b>				
<b>Tekin lán samtals</b>	<b>25,1</b>	<b>2,0</b>	<b>.</b>	<b>24,3</b>
Par af erlendar skuldir	15,0	-0,9	.	12,1
<b>Lánveitingar samtals</b>	<b>20,8</b>	<b>0,9</b>	<b>.</b>	<b>19,8</b>
Par af veitt löng lán	14,5	0,5	.	13,6
<b>Tekin lán umfram lánveitingar</b>	<b>4,3</b>	<b>1,1</b>	<b>.</b>	<b>4,5</b>
Lífeyrisskuldbindingar	18,0	0,0	.	18,0
<b>Hreinar skuldir</b>	<b>22,3</b>	<b>1,1</b>	<b>.</b>	<b>22,5</b>

Hreinar skuldir ríkissjóðs eru skilgreindar hér sem staða tekinna lána og lífeyrisskuldbindinga umfram lánveitingar. Staða þeirra hækkaði um 28,1 milljarð króna á árinu 2007 eða úr 259,9 milljörðum króna í 288,0 milljarða króna. Sem hlutfall af landsframleiðslu hækkuðu hreinar skuldir úr 22,3% í 22,5% á árinu 2007. Að raungildi er hækkingin 5,5% miðað við vísitölu neysluverðs.

Staða tekinnna lána ríkissjóðs hækkaði á árinu 2007 úr 292,5 milljörðum króna í 311,0 milljarða króna. Sem hlutfall af landsframleiðslu lækkaði staðan úr 25,1% í 24,3% í árslok. Veigamesta breytingin varð á stöðu innlendra skulda sem hækkuðu úr 117,3 milljörðum króna í 156,7 milljarða króna. Fram hefur komið að sú hækking skýrist einkum af 26,9 milljarða króna lántöku við kaupin á Landsvirkjun. Erlendar skuldir ríkissjóðs lækkuðu á árinu 2007 úr 175,2 milljörðum króna í 154,4 milljarða króna og hlutfall þeirra í skuldastöðu tekinnna lána lækkaði úr 59,9% í 49,6%. Í árslok 2007 skiptist innlenda skuldin þannig að ríkisbréf námu 95,0 milljörðum króna eða 60,6%, spariskírteini, að meðtöldum

áföllnum ógjaldföllnum vöxtum, 17,4 milljarðar króna eða 11,1% og ríkisvixlar 13,6 milljarðar króna eða 8,6%.

Staða lánveitinga ríkissjóðs lækkaði úr 20,8% af vergri landsframleiðslu í ársbyrjun 2007 í 19,8% í árslok. Lánveitingar eru skilgreindar hér sem veitt löng lán að viðbættum skammtímakröfum umfram skammtímaskuldir. Skammtímakröfur námu 109,8 milljörðum króna í árslok og skammtímaskuldir 30,6 milljörðum króna. Staða veittra langra lána lækkaði úr 14,5% í 13,6% á árinu 2007.

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs hækkuðu úr 210,1 milljarði króna í 230,7 milljarða króna á árinu 2007. Sem hlutfall af landsframleiðslu voru skuldbindingarnar óbreyttar eða 18,0%. Í árslok 2007 voru skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 188,6 milljarðar króna, Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga 21,6 milljarðar króna og öðrum 20,5 milljarðar króna.


Loks sýnir yfirlitið að staða tekinnna lána umfram lánveitingar hækkar úr 49,8 milljörðum króna í árslok 2006 í 57,4 milljarða

króna í árslok 2007. Sem hlutfall af landsframleiðslu hækkaði staðan úr 4,3% í 4,5% á árinu 2007.

Mynd 4 sýnir samsetningu á stöðu tekinnna lána ríkissjóðs eftir gjaldmiðlum í árslok 2007. Erlend lán námu 49,6% af stöðu tekinnna

lána og innlend lán 50,4%. Lán tengd evru námu 39,2% af teknum lánnum ríkissjóðs, bandaríkjadollar 6,6%, sterlingspundi 2,1%, svissneskum frónkum 0,8% og japönsku yeni 0,9%. Af innlendum lánnum er hlutdeild ríkisbréfa hæst eða 30,5%, spariskírteini 5,4%, ríkisvixlar 4,4% og önnur lán 10,1%.

Mynd 4. Tekin lán ríkissjóðs í árslok 2007, %



Fram hefur komið að tekjuafkoma ríkissjóðs var jákvæð um 88,6 milljarða króna á árinu 2007. Þrátt fyrir það sýna lánareikningar að hreinar skuldir ríkissjóðs aukast 28,1 milljarð króna eða um 5,5% að raungildi á árinu. Af hækkun hreinna skulda eru 14,4 milljarðar króna vegna endurmats og sérstakur endurmatshagnaður af fyrirtækjum í eigu ríkissjóðs nam 14,8 milljörðum króna. Þá þarf í þessu samhengi að taka tillit til kaupa ríkissjóðs á Landsvirkjun fyrir

30,2 milljarða króna og 44,0 milljarða króna framlag til að bæta eiginfjárstöðu Seðlabanka Íslands. Loks batnaði staðan á handbæru fé úr 92,4 milljörðum króna í ársbyrjun í 104,3 milljarða króna í árslok eða um 11,9 milljarða króna. Í árslok 2007 var jákvæða staða á eigin fé ríkissjóðs, breyttist hún úr því að vera neikvæð um 67,4 milljarða króna í ársbyrjun í að vera jákvæð um 9,7 milljarða króna í árslok.



## FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280  
netfang: [postur@fjr.stjr.is](mailto:postur@fjr.stjr.is)  
veffang: <http://www.raduneyti.is/fjr>

Forseti Alþingis  
Sturla Bóðvarsson  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík 28. júlí 2008  
Tilv.: FJR08070058/312-4

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, með síðari breytingum, hefur Fjársýsla ríkisins gert ríkisreikning fyrir árið 2007. Reikningurinn inniheldur samstæðuuppgjör fyrir A-hluta ríkissjóðs ásamt sjálfstæðu uppgjóri fyrir alla ríkisaðila og er hann gerður í samræmi við lög og þær venjur sem gilda um reikningskil ríkisins. Þá hefur Ríkisendurskoðun endurskoðað reikninginn með vísan til laga nr. 86, 27. maí 1997 um ríkisendurskoðun sbr. 43. gr. stjórnarskrár. Hér með staðfesta fjármálaráðherra og fjársýslustjóri hann með undirritun sinni.

Reikningurinn sendist Alþingi hjálagður.

Fjármálaráðherra

Fjársýslustjóri





# RÍKISENDURSKOÐUN

## Áritun ríkisendurskoðanda

### Til Alþingis

Ríkisendurskoðun hefur endurskoðað ríkisreikning fyrir árið 2007. Reikningurinn tekur til ríkisaðila sem fara með ríkisvald og þeirra fyrirtækja sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkissjóðs. Ríkisreikningurinn hefur að geyma staðfestingu fjármálaráðherra og fjársýslustjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar vegna A-hluta ríkisaðila ásamt séryfirlitum.

### Ábyrgð á ríkisreikningi

Fjármálaráðherra og fjársýslustjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ríkisreikningsins í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að sjá til þess að viðeigandi innra eftirlit sé skipulagt, innleitt og viðhaldið við gerð og framsetningu ríkisreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð þeirra nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðanda

Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun ber henni að endurskoða ríkisreikning og felst ábyrgð hennar í því álit sem hún lætur í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber henni að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ríkisreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ríkisreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati Ríkisendurskoðunar, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ríkisreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda annars vegar um A-hluta stofnanir og hins vegar um ríkisfyrirtæki og notaðar eru við gerð ríkisreikningsins og framsetningu hans í heild.

Ríkisendurskoðun telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna sem álit hennar byggir á.

### Álit

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ríkisreikningurinn gefi í öllum meginatriðum glögga mynd af afkomu ríkissjóðs, ríkisstofnana, fyrirtækja og sjóða í A til E hluta á árinu 2007, efnahag 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 30. júlí 2008.

Sveinn Arason  
ríkisendurskoðandi





RÍKISREIKNINGUR  
2007

fjs



YFIRLITSREIKNINGUR  
A-HLUTA RÍKISSJÓÐS

## Rekstrarreikningur

Í millj. kr.	Skýringar	Reikningur 2007	Heildar- fjárheimildir 2007	Reikningur 2006	
<b>Tekjur</b>					
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>					
	Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	4	85.521	89.600	81.453
	Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	5	36.584	41.000	32.427
	Skattur á fjármagnstekjur	6	31.387	34.120	21.671
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafli	7	1.519	1.443	390
	Eignarskattar	8	11.956	11.165	8.754
	Virðisaukaskattur	9	137.710	134.000	132.122
	Vörugjöld	10	45.891	44.737	43.653
	Sértækir þjónustuskattar	11	3.026	2.749	2.609
	Neyslu- og leyfisskattar	12	8.168	7.660	7.453
	Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	13	5.452	5.437	4.621
	Aðrir skattar	14	1.713	1.622	1.508
	Tryggingagjöld	15	39.594	39.525	38.414
	<b>Skatttekjur og tryggingagjöld samtals</b>		<b>408.521</b>	<b>413.058</b>	<b>377.153</b>
	<b>Fjárframlög</b>	<b>16</b>	<b>927</b>	<b>992</b>	<b>1.662</b>
<b>Aðrar tekjur</b>					
	Vaxtatekjur	17	24.484	24.990	17.733
	Arðgreiðslur	18	3.301	980	674
	Ýmsar eignatekjur	19	3.007	1.675	1.608
	Neyslu- og leyfisgjöld	20	7.804	6.622	7.165
	Sektir og skaðabætur	21	2.673	1.255	1.649
	Ýmsar tekjur	22	88	67	108
	<b>Aðrar tekjur samtals</b>		<b>41.356</b>	<b>35.588</b>	<b>28.937</b>
	<b>Sala efnislegra eigna</b>	<b>23</b>	<b>14.342</b>	<b>16.400</b>	<b>1.737</b>
	<b>Tekjur af peningalegum eignum</b>	<b>24</b>	<b>20.983</b>	<b>6.138</b>	<b>12.472</b>
	<b>Tekjur alls</b>	<b>3</b>	<b>486.129</b>	<b>472.177</b>	<b>421.963</b>
<b>Gjöld</b>					
	Æðsta stjórn ríkisins	26	3.416	3.672	2.750
	Forsætisráðuneyti	27	1.196	1.781	1.140
	Menntamálaráðuneyti	28	48.456	50.030	43.439
	Utanríkisráðuneyti	29	10.202	12.363	8.750
	Landbúnaðarráðuneyti	30	14.799	15.474	13.618
	Sjávarútvegsráðuneyti	31	3.126	4.234	3.574
	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	32	22.281	23.196	19.025
	Félagsmálaráðuneyti	33	35.299	35.940	29.477
	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	34	145.201	151.180	130.128
	Fjármálaráðuneyti	35	54.656	43.702	41.897
	Samgönguráðuneyti	36	24.475	28.474	20.720
	Iðnaðarráðuneyti	37	4.574	5.646	4.263
	Viðskiptaráðuneyti	38	1.724	1.974	1.377
	Hagstofa Íslands	39	628	613	629
	Umhverfissráðuneyti	40	5.270	6.976	4.472
	Fjármagnskostnaður	41	22.220	21.808	14.908
	<b>Gjöld alls</b>	<b>25</b>	<b>397.524</b>	<b>407.061</b>	<b>340.166</b>
	<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>2</b>	<b>88.604</b>	<b>65.116</b>	<b>81.797</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember

Í millj. kr.	Skýringar	Reikningur 2007	Reikningur 2006
<b>Eignir</b>			
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>			
Eignarhlutir í fyrirtækjum og hlutafé	42	187.644	98.364
Erlent stofnfé	43	4.236	4.308
Veitt löng lán	44	174.441	169.678
Næsta árs afborganir fluttar á skammtímakröfur	44	-15.587	-10.917
<b>Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals</b>		<b>350.734</b>	<b>261.432</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vöru- og efnisbirgðir	45	1.498	1.480
Óinnheimtar ríkistekjur	46	97.751	89.444
Skammtímakröfur, aðrar	47	12.024	11.872
Næsta árs afborganir af veittum löngum lánum	44	15.587	10.917
Handbært fé, nettó	48	104.299	92.384
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>231.158</b>	<b>206.097</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>581.892</b>	<b>467.529</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé í ársbyrjun		-63.376	-111.497
Endurmat		-14.932	-33.533
Breyting annars eigin fjár		-605	-142
Tekjujöfnuður		88.604	81.797
<b>Eigið fé í árslok</b>	<b>49</b>	<b>9.692</b>	<b>-63.376</b>
<b>Skuldir</b>			
<b>Lífeyrisskuldbindingar</b>	<b>50</b>	<b>230.629</b>	<b>210.098</b>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	51	662	750
Tekin löng innlend lán	52	142.425	110.346
Tekin löng erlend lán	52	154.351	175.177
Næsta árs afborganir fluttar á skammtímaskuldir	52	-43.951	-32.699
<b>Langtímaskuldir samtals</b>		<b>253.487</b>	<b>253.574</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Krafa á ríkistekjur	53	678	620
Ógreidd gjöld (án vaxta)	54	13.115	10.155
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	55	6.361	5.323
Tekin stutt lán	56	13.573	6.254
Aðrar skammtímaskuldir	57	10.407	12.181
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	52	43.951	32.699
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<b>88.084</b>	<b>67.233</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<b>581.892</b>	<b>467.529</b>

## Sjóðstreymi

Í millj. kr.	Reikningur 2007	Fjárlög/ Fjárukalög 2007	Reikningur 2006	
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>88.604</b>	<b>82.803</b>	<b>81.797</b>	
<b>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé</b>				
Lífeyrisskuldbindingar	5.769	}	5.649	
Afföll af teknum lánum	2.356		8.706	
Áfallnir ógjaldfallin vextir	-88		-4.234	113
Endurmatshagnaður	-14.845		-12.197	
Söluhagnaður/sölutap af eignum	-6.061		-260	
<b>Breyting rekstrartengdra eigna og skulda</b>				
Afskrifaðar skattkröfur	8.910	-	12.091	
Aðrar viðskiptakröfur, (breyting)	-17.387	-22.710	-26.817	
Viðskiptaskuldir, (breyting)	1.675	1.045	6.450	
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>68.933</b>	<b>56.904</b>	<b>75.531</b>	
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>				
Veitt stutt lán	-	-400	-	
Veitt löng lán	-18.282	-7.200	-95.639	
Afborganir veittra lána	12.309	11.300	5.152	
Fyrirfram greitt upp í langtímakostnað	-5.827	-4.000	-5.875	
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-76.265	-77.000	-2.603	
Sala hlutabréfa og eignarhluta	7.641	7.800	340	
<b>Fjárfestingarhreyfingar samtals</b>	<b>-80.424</b>	<b>-69.500</b>	<b>-98.625</b>	
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>				
Tekin stutt lán, nettó	7.320	}	-7.818	
Tekin löng lán	57.044		60.900	131.214
Afborganir lána	-40.721		-33.600	-60.804
Gengismunur og endurmat sjóðs- og bankareikninga	-237	-	2.071	
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals</b>	<b>23.406</b>	<b>27.300</b>	<b>64.663</b>	
<b>Aukning handbærs fjár</b>	<b>11.915</b>	<b>14.704</b>	<b>41.569</b>	
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b>	<b>92.384</b>	.	<b>50.814</b>	
Hreyfingar á sjóðs- og bankareikningum	12.152	.	39.498	
Gengismunur og endurmat sjóðs- og bankareikninga	-237	.	2.071	
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>104.299</b>	.	<b>92.384</b>	

RÍKISREIKNINGUR  
2007

fjs



SKÝRINGAR MEÐ REIKNINGI  
A-HLUTA RÍKISSJÓÐS



## 1. Ríkisreikningur og reikningskilareglur ríkisaðila

### 1.1 Lög um fjárreiður ríkisins

Ríkisreikningur er saminn á grundvelli laga nr. 88 frá 16. maí 1997 um fjárreiður ríkisins. Samkvæmt lögnum skal haga reikningshaldi ríkisaðila í samræmi við ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, og laga nr. 3/2006, um ársreikninga, að svo miklu leyti sem ekki er mælt sérstaklega fyrir um annað í fjárreiðulögnum. Frávikin eru í aðalatriðum tvíþætt, en þau varða bókhaldslega meðferð varanlegra rekstrarfjármuna annars vegar og verðbreytingarfærslna í lánareikningum hins vegar.

Ríkisreikningur nær yfir fjárreiður ríkisaðila. Samkvæmt 2. gr. laganna eru ríkisaðilar skilgreindir sem þeir sem fara með ríkisvald og þær stofnanir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu ríkisins. Samkvæmt 3. gr. laganna skiptist ríkisreikningur í eftirfarandi hluta:

*A-hluti.* Æðsta stjórn ríkisins, ráðuneyti og ríkisstofnanir. Þá nær A-hlutinn til verðmiðlunar- og verðjöfnunarsjóða, öryggis- og eftirlitsstofnana og þjónustustofnana við ríkisaðila sem starfa samkvæmt sérstökum lögum. Loks skal þar gerð grein fyrir fjárreiðum þeirra sem ekki eru ríkisaðilar ef ríkissjóður kostar að öllu eða verulegu leyti starfsemi þeirra með framlögum eða ber rekstrarlega ábyrgð á starfseminni samkvæmt lögum eða samningum.

*B-hluti.* Ríkisfyrirtæki sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja, hvort sem er í samkeppni eða í skjóli einkaréttar, enda séu þau hvorki sameignar- né hlutafélög.

*C-hluti.* Lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlánsstofnanir, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög.

*D-hluti.* Fjármálastofnanir ríkisins, þar með taldir bankar og váttryggingafyrirtæki í eigu ríkisins, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög.

*E-hluti.* Sameignar- og hlutafélög sem ríkið á að hálfu eða meira.

Reikningurinn fyrir árið 2007 er settur fram í tveimur hlutum. Annars vegar er *Ríkisreikningur 2007 – Heildaryfirlit* þar sem sýnd er afkoma allra ríkisaðila. Þar kemur fram nokkurs konar samstæðureikningur fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild en viðskipti milli aðila innan hans eru þó ekki einangruð. Jafnframt eru þar sýndar lykiltölur úr ársreikningum annarra ríkisaðila, þ.e. ríkisfyrirtækja í B-hluta, lánastofnana í C-hluta, fjármálastofnana í D-hluta og hlutafélaga og sameignarfélaga í E-hluta. Hins vegar er *Ríkisreikningur 2007 – Ársreikningar ríkisaðila* sem sýnir reikninga einstakra A-hluta aðila og helstu niðurstöður úr ársreikningum annarra ríkisaðila.

### 1.2 A-hluti ríkissjóðs

#### Reikningskilareglur

##### 1. Lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins

Eftir gildistöku laganna gilda almennt sömu reglur og í reikningskilum fyrirtækja með tveimur undantekningum. Þær varða

bókhaldslega meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og færslur í tengslum við verðlags- og gengisbreytingar. A-hluta aðilum er gert að færa varanlega rekstrarfjármuni til gjalda þegar stofnað er til skuldbindandi samninga um kaup á þeim. Þá eru áhrif launa, verðlags- og gengisbreytinga á stöðu lánareikninga færð um endurmatsreikning á höfuðstólsreikning hjá ríkissjóði en ekki á rekstrarreikning.

##### 2. Rekstrargrunnur

Reikningurinn er gerður upp á rekstrargrunni. Í rekstrarreikningi eru færðar álagðar tekjur á reikningsárinu án tillits til þess hvenær þær innheimtast og gjöld eru gjaldfærð á því ári sem til þeirra er stofnað óháð því hvenær þau koma til greiðslu. Í rekstrarreikningi A-hluta ríkisreiknings eru gjöld tilfærð að frádregnum sértekjum stofnana, sbr. 12. gr. laganna, á sama hátt og gert er í framsetningu á 1. gr. og sundurliðun 2 í fjárlögum og fjárukaulögum.

##### 3. Eignir og skuldir

*Verð- og gengisbreytingar.* Áhrif almennra verð- og gengisbreytinga á lánareikninga eru ekki sýnd í rekstrarreikningi A-hluta ríkissjóðs. Þess í stað eru breytingar á stöðu þeirra vegna gengismunar og verðbóta færðar um endurmatsreikning á höfuðstólsreikning.

*Hlutabréf.* Í samræmi við ákvæði ársreikningslaga er bókfært verðmæti hlutabréfa óbreytt nema að til komi útgáfa jöfnunarbréfa á árinu, þá er hún látin gilda. Bókfært verðmæti nýrra hlutabréfa miðast við kaupverð.

##### Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum sem ekki eru hlutafélög.

Í samræmi við ákvæði ársreikningslaga er bókfærðu verðmæti eignarhluta haldið óbreyttu nema að til komi sérstakt mat sem gefur tilefni til að breyta bókfærðri eign í fyrirtæki eða stofnun sem ríkissjóður á að hluta eða öllu leyti. Áhrifa þessa gættir í niðurstöðum ríkisreiknings fyrir árið 2007 í tengslum við kaup ríkisins á hlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og hlutafjárvæðingu Ríkisútvarpsins ohf. og Flugstöða ohf. Um þetta er fjallað sérstaklega í skýringum 24 og 42.

*Veitt og tekin lán.* Verðtryggt og gengisbundin veitt og tekin lán eru uppfærð miðað við skráð gengi gjaldmiðla 31. desember 2007 og vísitölur janúarmánaðar 2008.

*Lífeyrisskuldbindingar.* Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs í árslok 2007 miðast meðal annars við eftirtaldir almennar forsendur: 2% ávöxtun umfram launahækkunar; íslenskar lífslíkur miðað við reynslu árána 2001-2005; íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur samkvæmt staðli Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga; gert er ráð fyrir óbreyttri hjúskaparstöðu lífeyrisþega í árslok 2007 nema við andlát; við mat á framtíðarörorku er miðað við 50% af meðaltali örorkulíka 17 íslenskra lífeyrissjóða út frá reynslu árána 1998-2002 en þessar örorkulíkur voru staðlaðar frá og með reikningsárinu 2006. Við matið í árslok 2007 er almennt miðað við að virkir sjóðfélagar hefji töku ellilífeyris 68 ára hjá lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) og 65 ára hjá lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga (LH). Hjá LSR miðast ellilífeyrisaldur annarra en virkra félaga við 65 ára aldur. Í ríkisreikningi miðast færsla lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs við áfallnar skuldbindingar, þar sem nýjar skuldbindingar



færast um rekstrarreikning og áhrif almennra launabreytinga um endurmatsreikning. Við mat á almennum launabreytingum er beitt vísitölu launa opinberra starfsmanna og bankamanna sem Hagstofa Íslands reiknar. Jafnframt er tekið tillit til sérstakra innborgana ríkissjóðs upp í framtíðarskuldbindingar sínar gagnvart lífeyrissjóðunum þar sem það á við.

*Afskriftir og niðurfærsla eftirstöðva.*

*Eftirstöðvar ríkistekna.* Niðurfærsla eftirstöðva ríkissjóðstekna í árslok 2007 var með tvennum hætti. Annars vegar voru skuldir færðar niður um 80% hjá þeim aðilum sem voru í gjaldþrotaskiptum eða þeim var lokið. Hins vegar voru skuldir færðar niður um 75% hjá þeim aðilum sem voru í annarri vanskilameðferð. Þessari aðferð var beitt við skuldir sem voru tilkomnar á árinu 2006 eða fyrr. Kröfur sem mynduðust á árinu 2007, og uppfylltu áður nefnd skilyrði, voru færðar niður um 40%.

*Veitt lán.* Sem fyrr eru veitt lán ríkissjóðs færð niður með óbeinni afskrift í ríkisreikningi.

### **Framsetning A-hluta í ríkisreikningi**

Framsetning fjármála A-hluta ríkissjóðs í ríkisreikningi gegnir tvíþættu hlutverki. Annars vegar að sýna afkomu ríkissjóðs í heild á viðkomandi reikningsári. Hins vegar að sýna afkomu einstakra aðila innan A-hlutans og stöðu þeirra gagnvart ríkissjóði.

#### **1. A-hluti ríkissjóðs í heild**

Helstu yfirlit A-hluta eru: *a) rekstrarreikningur, b) efnahagsreikningur og c) sjóðstreymi.* Jafnframt eru birtar ítarlegar skýringar við yfirlitin.

##### *a) Rekstrarreikningur*

*Tekjum* er skipt upp í 5 aðalflokka, þ.e. skatttekjur og tryggingagjöld, fjárframlög, aðrar tekjur, sölu efnislegra eigna og tekjur af peningalegum eignum.

*Gjöld* eru flokkuð eftir ráðuneytum auk þess er fjármagnskostnaður ríkissjóðs sýndur sérstaklega.

##### *b) Efnahagsreikningur*

*Eignir* eru flokkaðar í áhættufjármuni og langtímakröfur annars vegar og veltufjármuni hins vegar.

*Skuldir* eru flokkaðar í lífeyrisskuldbindingar, langtímaskuldir og skammtímaskuldir.

*Eigið fé* kemur fram sem mismunur eigna og skulda.

##### *c) Sjóðstreymi*

*Handbært fé frá rekstri* kemur fram þegar tekið hefur verið tillit til áhrifa rekstrarliða sem ekki hafa fjárstreymi í för með sér og breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum á tekjujöfnuð ríkissjóðs.

*Fjárfestingarhreyfingar* sýna hreyfingar á veittum lánnum og breytingar í tengslum við kaup og sölu á verðbréfum, hlutabréfum og eignarhlutum í fyrirtækjum og stofnunum.

*Fjármögnunarhreyfingar* sýna breytingar á teknum lánnum og á endurmati sjóðs- og bankareikninga.

*Breyting á handbæru fé* kemur fram sem niðurstaða sjóðstreymis og er samtala af handbæru fé frá rekstri, fjárfestingarhreyfingum og fjármögnunarhreyfingum.

#### **2. Ársreikningar A-hluta aðila**

Helstu yfirlit sem sýnd eru fyrir einstök ráðuneyti og ríkisstofnanir eru: *a) rekstrarreikningur, b) efnahagsreikningur og c) sjóðstreymi.* Þessi yfirlit nálgast framsetningu almennra reikningsskila með þeim undantekningum sem leiða af frávikum frá lögbundnum almennum reikningsskilareglum.

##### *a) Rekstrarreikningur*

Rekstrarreikningur sýnir allar tekjur viðkomandi ráðuneytis eða stofnunar og geta það verið sértekjur, aðrar rekstrartekjur eða tekjur sem eru markaðar til sérstakrar ráðstöfunar með lögum. Jafnframt er framlag ríkissjóðs til viðkomandi fært sem tekjur um rekstrarreikninginn. Gjöldum er skipt eftir viðfangsefnum. Niðurstaða rekstrarreiknings sýnir hvort viðkomandi stofnun eða rekstrareining hefur verið rekin með afgangi eða halla miðað við fjárheimildir ársins. Afgangurinn/hallinn flyst á eigið fé í efnahagsreikningi og kemur í flestum tilvikum til breytingar á höfuðstóli viðkomandi aðila. Í undantekningartilvikum flyst niðurstaða rekstrarreiknings að hluta eða öllu leyti á bundið eigið fé undir annað eigið fé. Oftast tengist það ráðstöfun á mörkuðum tekjum sem viðkomandi á tilkall til. Er það gert til að fresta ráðstöfun fjárins til síðari tíma samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis. Yfirlitið sýnir samanburð annars vegar á útkomu ársins við reikningsniðurstöður ársins á undan og hins vegar við fjárheimildir ársins. Fjárheimildir ársins sem koma fram í rekstrarreikningi hverju sinni takmarkast við samþykktar heimildir samkvæmt fjárlögum og fjárukalögum viðkomandi reikningsárs.

##### *b) Efnahagsreikningur*

*Eignir* eru flokkaðar í fastafjármuni annars vegar og veltufjármuni hins vegar.

*Skuldir* eru flokkaðar í langtímaskuldir og skammtímaskuldir. Loks dregur efnahagsreikningur sérstaklega fram hver greiðslustaða viðkomandi aðila er gagnvart ríkissjóði í árslok.

*Eigið fé* kemur fram sem mismunur eigna og skulda, en það skiptist í höfuðstól, bundið eigið fé og framlag til eignamyndunar. Höfuðstóll í árslok sýnir fjárheimildastöðu viðkomandi í árslok sem flyst til ráðstöfunar.

##### *c) Sjóðstreymi*

Auk hefðbundinna liða er sjóðstreymi ráðuneyta og stofnana einnig ætlað að draga fram hvernig greiðslustaða þeirra gagnvart ríkissjóði breytist á viðkomandi reikningsári.

### **1.3 Ríkisaðilar utan A-hluta ríkissjóðs**

Fram hefur komið að í ríkisreikningi á að birta upplýsingar úr ársreikningum ríkisyfirtækja í B-hluta, lánastofnana ríkisins í C-hluta, fjármálastofnana ríkisins í D-hluta og hlutafélaga og sameignarfélaga sem ríkið á að hálfu eða meira í E-hluta.

Samkvæmt fjárreiðulögum ber að haga reikningsskilum þessara aðila í samræmi við ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, og laga nr. 3/2006, um ársreikninga.

Í heildaryfirliti ríkisreiknings eru birtar lykiltölur úr ársreikningum ríkisaðila utan A-hluta. Ársreikningabók ríkisreiknings sýnir ítarlegri upplýsingar úr ársreikningum þessara yfirtækja og stofnana. Þar koma fram helstu stærðir úr rekstrar- og efnahagsreikningum þessara aðila.

## 2. Tekjujöfnuður og lánsfjárför A-hluta ríkissjóðs

Í millj. kr.	Reikningur 2007	Reikningur 2006	Reikningur 2005	Reikningur 2004
<b>Tekjur samtals</b>	<b>486.129</b>	<b>421.963</b>	<b>421.166</b>	<b>302.431</b>
<b>Tekjur af almennri starfsemi alls</b>	<b>447.502</b>	<b>407.079</b>	<b>354.113</b>	<b>298.148</b>
Skatttekjur og tryggingagjöld	408.521	377.116	335.223	275.673
Aðrar tekjur af almennri starfsemi	38.981	29.963	18.890	22.475
<b>Ýmsar tekjur alls</b>	<b>38.627</b>	<b>14.883</b>	<b>67.053</b>	<b>4.283</b>
Arðgreiðslur	3.301	674	8.230	3.219
Sala efnislegra eigna	14.342	1.737	990	1.035
Hagnaður af peningalegum eignum	20.983	12.472	57.833	29
<b>Gjöld samtals</b>	<b>397.524</b>	<b>340.166</b>	<b>308.394</b>	<b>300.438</b>
Rekstrargjöld	188.421	160.564	145.091	138.919
Rekstrar- og neyslutilfærslur	156.228	141.929	130.547	124.395
Fjármagnskostnaður	22.220	14.908	13.420	14.152
Viðhald	6.349	5.764	4.899	5.000
Stofnkostnaður	18.309	12.831	10.871	13.860
Fjármagnstilfærslur	5.996	4.170	3.567	4.112
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>88.604</b>	<b>81.797</b>	<b>112.771</b>	<b>1.993</b>
<b>Tekjur af almennri starfsemi umfram gjöld</b>	<b>49.978</b>	<b>66.913</b>	<b>45.719</b>	<b>-2.290</b>
Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 75,5% og rekstrartilfærslur 24,0% og stofnkostnaður 0,5%.

Séryfirlit 2 sýnir gjöld ráðuneyta og stofnana. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnana liða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við fjárheimildir einstakra liða á árinu 2007.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 1.350 millj. kr. eða 78,3% til

málaflokksins almenn efnahags- og viðskiptamál, sem er að stærstum hluta rekstur aðalskrifstofu viðskiptaráðuneytis 162 millj. kr., Fjármálaeftirlitið 564 millj. kr., Neytendastofa 287 millj. kr. og Samkeppniseftirlitið 258 millj. kr.

Gjöld ráðuneytisins vegna Flutningssjóðs olíuvara námu 374 millj. kr. eða 21,7%.

## 39. Gjöld Hagstofu Íslands

Gjöld Hagstofu Íslands námu 628 millj. kr. á árinu 2007, lækkuðu um 1 millj. kr. eða 0,1% frá árinu 2006. Gjöld ráðuneytisins námu 0,2% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2007 og er það óbreytt hlutfall frá árinu á undan. Heildarfjárheimildir ársins 2007

voru 613 millj. kr. og voru gjöld ársins því 15 millj. kr. eða 2,4% yfir fjárheimildum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir útgjöld Hagstofu Íslands á árinu 2007 samanborið við árið 2006.

Í millj. kr.	Reikningur 2007	Reikningur 2006	Breyting		Heildar- fjárheimildir 2007
			Fjárhæð	%	
<b>Málaflokkar gjalda</b>					
Almenn þjónusta	628	629	-1	-0,1	613
<b>Gjöld samtals</b>	<b>628</b>	<b>629</b>	<b>-1</b>	<b>-0,1</b>	<b>613</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda</b>					
Rekstrarkostnaður	628	629	-1	-0,1	613
Rekstrargjöld	626	627	-1	-0,1	613
Rekstrartilfærslur	2	2	0	-0,4	0
Viðhaldskostnaður	-	-	-	.	-
Fjárfesting	-	-	-	.	-
Stofnkostnaður	-	-	-	.	-
Fjármagnstilfærslur	-	-	-	.	-
<b>Gjöld samtals</b>	<b>628</b>	<b>629</b>	<b>-1</b>	<b>-0,1</b>	<b>613</b>
<b>Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %</b>	<b>0,2</b>	<b>0,2</b>	.	.	<b>0,2</b>

Gjöldin skiptust þannig að rekstrargjöld námu 99,7 % og rekstrartilfærslur 0,3%.



## 40. Gjöld umhverfisráðuneytis

Gjöld umhverfisráðuneytis námu 5.270 millj. kr. á árinu 2007, hækkuðu um 798 millj. kr. eða 17,8% frá árinu á undan. Af einstökum liðum ber hæst 137 millj. kr. hækkun á gjöldum Úrvinnslusjóðs og 242 millj. kr. hækkun á gjöldum Endurvinnslunnar. Gjöld ráðuneytisins námu 1,3% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2007 og er það óbreytt hlutfall frá árinu

á undan. Heildarfjárheimildir ársins 2007 námu 6.976 millj. kr. og voru gjöld ársins því 1.707 millj. kr. eða 24,5% undir fjárheimildum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld umhverfisráðuneytis á árinu 2007 samanborið við árið 2006.

Í millj. kr.	Reikningur 2007	Reikningur 2006	Breyting		Heildar- fjárheimildir 2007
			Fjárhæð	%	
<b>Málaflokkar gjalda</b>					
Öryggismál	870	734	137	18,6	1.637
Hreinsunarmál	1.908	1.529	379	24,8	2.578
Verndun lands og lífríkis	905	796	109	13,6	1.051
Annað	1.587	1.413	173	12,3	1.710
<b>Gjöld samtals</b>	<b>5.270</b>	<b>4.472</b>	<b>798</b>	<b>17,8</b>	<b>6.976</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda</b>					
Rekstrarkostnaður	4.958	3.880	1.078	27,8	6.436
Rekstrargjöld	3.180	2.426	754	31,1	4.997
Rekstrartilfærslur	1.777	1.454	324	22,3	1.440
Viðhaldskostnaður	17	39	-21	-55,5	40
Fjárfesting	295	553	-258	-46,7	500
Stofnkostnaður	-363	39	-402	...	80
Fjármagnstilfærslur	658	514	144	28,0	420
<b>Gjöld samtals</b>	<b>5.270</b>	<b>4.472</b>	<b>798</b>	<b>17,8</b>	<b>6.976</b>
<b>Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %</b>	<b>1,3</b>	<b>1,3</b>	.	.	<b>1,7</b>

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 60,3%, rekstrartilfærslur 33,7%, viðhaldskostnaður 0,3%, stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur 5,6%.

Séryfirlit 2 sýnir gjöld ráðuneyta og stofnana. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við fjárheimildir einstakra liða á árinu 2007.

Gjöld málaflokksins hreinsunarmál námu samtals 1.908 millj. kr.

eða 36,2% af gjöldum ráðuneytisins, en undir þann málaflokk heyrja Úrvinnslusjóður 745 millj. kr og Endurvinnslan 1.163 millj. kr. Gjöld málaflokksins öryggismál námu 870 millj. kr. eða 16,5%, en þar undir er m.a. Veðurstofa Íslands kr. 558 millj. kr.

Þá námu gjöld málaflokksins verndun lands og lífríkis 905 millj. kr. eða 17,2%, en þar veга gjöld Umhverfisstofnunar þyngst eða 764 millj. kr.

## 41. Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður ríkissjóðs nam alls 22.220 millj. kr. á árinu 2007, hækkaði um 7.312 millj. kr. eða 49,0% frá árinu á undan. Vægi þessa kostnaðarliðar nemur 5,6% af gjöldum ríkissjóðs á árinu 2007 samanborið við 4,4% árið 2006. Heildarfjárheimildir ársins 2007 námu 21.808 millj. kr. þannig að fjármagnskostnaðurinn reyndist 413 millj. kr. umfram fjárheimildir eða um 1,9%.

Hækkaður vaxtakostnaður á árinu 2007 skýrist í aðalatriðum

af tveimur þáttum. Annars vegar kemur inn vaxtakostnaður af erlendu láni, sem ríkissjóður tók að láni í desember 2006, að fjárhæð 89.580 millj. kr. (1 milljarður Evra) í því skyni að bæta gjaldeyrisvarasjóð þjóðarinnar. Vaxtagjöld ríkissjóðs af láninu námu 3.376 millj. kr. á árinu 2007. Hins vegar voru vextir almennt hærri á innlendum og erlendum lánamörkuðum á árinu 2007 en árið á undan.

Í millj. kr.	Reikningur 2007	Reikningur 2006	Breyting		Heildar- fjárheimildir 2007
			Fjárhæð	%	
<b>Málaflokkar gjalda</b>					
Fjármagnskostnaður	22.220	14.908	7.312	49,0	21.808
<b>Gjöld samtals</b>	<b>22.220</b>	<b>14.908</b>	<b>7.312</b>	<b>49,0</b>	<b>21.808</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda</b>					
Rekstrarkostnaður	22.220	14.908	7.312	49,0	21.808
Rekstrargjöld	22.220	14.908	7.312	49,0	21.808
Rekstrartilfærslur	-	-	-	.	-
Viðhaldskostnaður	-	-	-	.	-
Fjárfesting	-	-	-	.	-
Stofnkostnaður	-	-	-	.	-
Fjármagnstilfærslur	-	-	-	.	-
<b>Gjöld samtals</b>	<b>22.220</b>	<b>14.908</b>	<b>7.312</b>	<b>49,0</b>	<b>21.808</b>
<b>Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %</b>	<b>5,6</b>	<b>4,4</b>	.	.	<b>5,4</b>

Í millj. kr.	Reikningur 2007	Reikningur 2006	Frávik		Heildar- fjáheimildir 2007
			fjárhæð	%	
<b>Vextir</b>	<b>21.883</b>	<b>14.519</b>	<b>7.363</b>	<b>50,7</b>	.
Innlend lán	15.147	9.970	5.178	51,9	.
Erlend lán	6.735	4.550	2.186	48,0	.
<b>Lántökukostnaður</b>	<b>338</b>	<b>389</b>	<b>-51</b>	<b>-13,1</b>	.
Innlend lán	283	260	22	8,5	.
Erlend lán	55	128	-73	-57,0	.
<b>Fjármagnskostnaður samtals</b>	<b>22.220</b>	<b>14.908</b>	<b>7.312</b>	<b>49,1</b>	<b>21.808</b>

## 42. Hlutabréf og eignarhlutir í fyrirtækjum

Samkvæmt lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins skal færa eignarhluti ríkissjóðs í fyrirtækjum og stofnunum til eignar á efnahagsreikningi. Tvær undantekningar eru þó á því hvort eignarhlutar eru eignfærðir hjá ríkissjóði. Annars vegar þegar um er að ræða eignarhluta í lánastofnunum sem gegna félagslegu hlutverki. Yfirlitt gefur eiginfjárstaða í ársreikningum slíkra stofnana ekki raunsanna mynd af fjárhagsstöðu þeirra. Hins vegar eru það eignarhlutir í tryggingasjóðum sem hafa það hlutverk

að bæta fyrir eignatjón af völdum náttúruhamfara eða önnur stórtjón, komi til þeirra. Í ársreikningum slíkra sjóða endurspeglast tryggingaráhættan ekki í reikningsskilum þeirra og er því ekki talið rétt að sýna eignarhluta í þeim í efnahagsreikningi ríkissjóðs.

Eftirfarandi yfirlit sýnir bókfærðan eignarhluta A-hluta ríkissjóðs í framangreindum fyrirtækjum og stofnunum á árinu 2007.

Í millj. kr.	Eign í ársbyrjun	Framlag á árinu	Hagnaður/ tap á árinu	Endurmat ársins	Eign í árslok
<b>Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum</b>					
<b>Ríkisfyrirtæki í B-hluta</b>	<b>2.597</b>	<b>-840</b>	<b>-77</b>	<b>-</b>	<b>1.680</b>
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	1.376	-	-	-	1.376
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	184	-	-	-	184
Happdrætti Háskóla Íslands	12	-	-	-	12
Íslenskar orkurannsóknir	103	-	-	-	103
Ríkisútvarpið	917	-840	-77	-	-
Sinfóníuhljómsveit Íslands	5	-	-	-	5
<b>Lánastofnanir í C-hluta</b>	<b>16.453</b>	<b>1.291</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>17.745</b>
Byggðastofnun	1.472	1.200	-	-	2.672
Íbúðalánasjóður	7.099	-	-	-	7.099
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	7.673	91	-	-	7.764
Orkusjóður	210	-	-	-	210
<b>Fjármálastofnanir í D-hluta</b>	<b>33.576</b>	<b>44.000</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>77.576</b>
Seðlabanki Íslands	33.576	44.000	-	-	77.576
<b>Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum samtals</b>	<b>52.626</b>	<b>44.452</b>	<b>-77</b>	<b>-</b>	<b>97.001</b>

Yfirlitið sýnir að í árslok 2007 nam bókfærð eign ríkissjóðs í fyrirtækjum og stofnunum í B-, C og D-hluta 97.001 millj. kr. Þar af eru eignarhlutar í Seðlabanka Íslands 77.576 millj. kr., Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins 7.764 millj. kr. og Íbúðalánasjóði 7.099 millj. kr. Í árslok 2006 nam bókfærða eignin 52.626 millj. kr. Hækkun á milli ára nemur 44.375 millj. kr. Helstu breytingar á eignarhluta ríkissjóðs í þessum fyrirtækjum á árinu 2007 tengdust 44.000 millj. kr. eiginfjárframlagi ríkissjóðs til Seðlabankans, 1.200 millj. kr. framlagi til að efla eiginfjárstöðu Byggðastofnunar og rösklega 91 millj. kr. framlagi til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Loks er 917 millj. kr. bókfærð eign í Ríkisútvarpinu í B-hluta fella

niður en eftir hlutafjávæðingu fyrirtækisins á árinu 2007 flokkast það á meðal félaga í E-hluta. Verðmæti hlutafjár samkvæmt stofnefnahagsreikningi félagsins nemur 840 millj. kr. í E-hluta. Lækkun á bókfærðri eign ríkissjóðs í fyrirtækinu um 77 millj. kr. er gjaldfærð.

Um færslu á eignarhluta ríkissjóðs í hlutafélögum og sameignarfélagum gilda almennar reikningsskilareglur. Hvað varðar sameignarfélag er bókhaldsleg meðferð hin sama og lýst er hér að framan um eignarhluta í fyrirtækjum og stofnunum. Eftirfarandi yfirlit sýnir bókfærða eign ríkissjóðs í þessum fyrirtækjum á árinu 2007.

Í millj. kr.	Eign í ársbyrjun	Kaup(+)/Sala(-) á árinu	Hagnaður/ tap á árinu	Endurmat ársins	Eign í árslok	Eignarhluti í árslok, %
<b>Eign í sameignarfélögum og hlutafélögum</b>						
<b>Félög í E-hluta</b>	<b>43.109</b>	<b>30.773</b>	<b>-</b>	<b>15.116</b>	<b>88.998</b>	<b>.</b>
Austurhöfn-TR ehf.	6	-	-	-	6	54,0
Eignarhaldsfélagið Farice ehf.	613	-613	-	-	-	-
Eignarhlutir ehf.	1	-	-	-	1	100,0
Flugstoðir ohf.	10	-	-	1.569	1.579	100,0
Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.	3.139	-	-	-	3.139	100,0
Íslandspóstur hf.	1.991	-	-	-	1.991	100,0
Landskerfi bókasafna hf.	85	-	-	-	85	52,2
Landsvirkjun	16.703	30.190	-	13.547	60.440	99,9
Matís ohf.	5	141	-	-	146	100,0
Neyðarlínan hf.	28	91	-	-	119	73,7
Orkubú Vestfjarða hf.	4.642	-	-	-	4.642	100,0
Rarik ohf.	14.565	-	-	-	14.565	100,0
Ríkisútvarpið ohf.	-	840	-	-	840	100,0
Vísindagarðurinn ehf.	-	125	-	-	125	89,9
Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf.	1.000	-	-	-	1.000	100,0
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.	20	-	-	-	20	100,0
Öryggisfjarskipti ehf.	300	-	-	-	300	75,0
<b>Eign ríkissjóðs og stofnana í öðrum félögum</b>	<b>2.629</b>	<b>-6.851</b>	<b>6.138</b>	<b>-271</b>	<b>1.645</b>	<b>.</b>
Baðfélag Mývatnssveitar ehf.	22	-24	2	-	-	-
Eignarhaldsfélagið Farice ehf.	-	645	-	-	645	39,0
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.	269	-	-	-	269	48,1
Endurvinnslan hf.	9	-	-	-	9	17,8
Geca hf.	51	-	-	-	51	12,8
Hitaveita Suðurnesja	1.481	-7.617	6.136	-	-	-
Pólyolverksmiðjan ehf.	33	-	-	-	33	8,4
Spólur ehf.	43	-	-	-	43	17,6
VistOrka hf.	90	43	-	-	133	33,1
Annað	12	-	-	-	12	.
Eignir stofnana í hlutafélögum og sameignarfélögum	619	101	-	-271	449	.
<b>Eign í sameignarfélögum og hlutafélögum samtals</b>	<b>45.737</b>	<b>23.922</b>	<b>6.138</b>	<b>14.845</b>	<b>90.643</b>	<b>.</b>

Í árslok 2007 nam bókfærð eign ríkissjóðs í sameignar- og hlutafélögum 90.643 millj. kr. samanborið við 45.737 millj. kr. í árslok 2006. Hækkun á árinu 2007 nam 44.905 millj. kr. en hún skýrist í aðalatriðum af fjórum þáttum. Í fyrsta lagi keypti ríkissjóður eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun fyrir 30.190 millj. kr. og svarar það til 49,9% í sameignarfélaginu. Eignarhlutir ehf., sem er alfarið í eigu ríkissjóðs, keypti 0,1% í Landsvirkjun. Fyrir átti ríkissjóður 50% í Landsvirkjun og var bókfært verðmæti þeirrar eignar uppfært á árinu 2007 í samræmi við það verð sem ríkissjóður greiddi sveitarfélögunum fyrir fyrirtækið. Bókfærða eignin á þeim eignarhluta var hækkuð úr 16.703 millj. kr. í 30.250 millj. kr. eða um 13.547 millj. kr. Hækkunin færirst um tekjur hjá ríkissjóði. Í öðru lagi seldi ríkissjóður 15,2% eignarhluta

sinn í Hitaveitu Suðurnesja til Geysir Green Energy fyrir 7.617 millj. kr. Bókfært verðmæti eignarinnar var 1.481 millj. kr. og nam því söluhagnaðurinn 6.136 millj. kr. Í þriðja lagi, eins og fram hefur komið, var Ríkisútvarpið gert að hlutafélagi á árinu 2007 og nemur hlutaféð 840 millj. kr. Í fjórða lagi kemur inn 1.569 millj. kr. endurmetið hlutafé í Flugstoðum ohf. í samræmi við stofnefnahagsreikning félagsins. Í ársbyrjun var bókfærð eign í félaginu 10 millj. kr. og hækkar hún því í 1.579 millj. kr. í árslok 2007. Meðal eigna Flugstoða ohf. eru hlutabréf í Flugkerfum hf. og Flugfjarskipti ehf. en bókfært verðmæti þeirra nam 271 millj. kr. hjá ríkissjóði í árslok 2006. Þessar eignir eru færðar út hjá ríkissjóði á árinu 2007 og mismunurinn að fjárhæð 1.298 millj. kr. færirst um tekjur ríkissjóðs.

### 43. Erlent stofnfé

Í millj. kr.	Eign í ársbyrjun	Framlag á árinu	Endurgreitt á árinu	Endurmat ársins	Eign í árslok
<b>Erlent stofnfé</b>					
Alþjóðabankinn (IBRD)	559	-	-	-75	484
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	2.275	205	-	-148	2.332
Alþjóðalánasjóðurinn (IFC)	3	-	-	0	3
Lánasjóður V-Norðurlanda	27	-	-	-4	23
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	138	8	-	-4	142
Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)	324	-	-	-28	295
Norrænn þróunarsjóður (NDF)	523	29	-	-46	506
Þróunarbanki Evrópu (EBRD)	459	8	-	-16	452
<b>Erlent stofnfé samtals</b>	<b>4.308</b>	<b>251</b>	<b>-</b>	<b>-322</b>	<b>4.236</b>

Lög um fjárreiður ríkisins gera ráð fyrir að framlög til stofnana og sjóða erlendis, sem eru endurkræf eða fást endurgreidd

þegar stofnun eða sjóður er lagður niður, séu færð til eignar á efnahagsreikningi ríkissjóðs.

### 44. Veitt löng lán

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Ný lán á árinu	Afborganir á árinu	Endurmat ársins	Staða í árslok
<b>Veitt löng lán</b>					
Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir í B- og C-hluta	39.313	5.500	-4.650	2.238	42.400
Ríkisaðilar í D- og E-hluta	128.360	12.702	-6.414	-3.465	131.183
Sveitarfélög	611	42	-18	5	640
Fyrirtæki og atvinnuvegir	285	28	-109	10	213
Einstaklingar, félög og samtök	92	10	-35	3	70
Annað	1.118	-	-1.110	-	8
<b>Óbein afskrift veittra langra lána</b>	<b>-100</b>	<b>-</b>	<b>27</b>	<b>-</b>	<b>-73</b>
Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir í B- og C-hluta	-29	-	24	-	-5
Einstaklingar, félög og samtök	-5	-	3	-	-2
Aðrir	-67	-	-	-	-67
<b>Veitt löng lán samtals</b>	<b>169.678</b>	<b>18.282</b>	<b>-12.309</b>	<b>-1.210</b>	<b>174.441</b>

Staða veittra langra lána A-hluta ríkissjóðs í árslok 2007 nam alls 174.441 millj. kr. samanborið við 169.678 millj. kr. í ársbyrjun. Hækkun á árinu nam því 4.763 millj. kr. Af veittum lánum í árslok 2007 voru 24,3% til B- og C-hluta aðila, 75,2% til ríkisaðila í D- og E-hluta og 0,5% til annarra.

Veitt ný löng lán ríkissjóðs námu alls 18.282 millj. kr. á árinu 2007. Að stærstum hluta var um að ræða lánveitingar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna 5.400 millj. kr. og 12.669 millj. kr. í tengslum við sölu eigna á varnarsvæðinu á Keflavíkurlugvelli. Innheimtar afborganir námu alls 12.309 millj. kr., þar af voru

endurgreiðslur frá Seðlabanka Íslands 6.100 millj. kr. og Lánasjóði íslenskra námsmanna 4.504 millj. kr.

Óbein afskrift af veittum löngum lánum er ákveðin út frá mati á kröfum sem voru til innheimtu og þeim skipt í áhættuflokka út frá upplýsingum um tryggingar fyrir kröfum og mati á greiðslugetu skuldara.

Næsta árs afborganir af veittum löngum lánum færast af langtímakröfum á skammtímakröfum á efnahagsreikningi í árslok. Áætluð fjárhæð vegna þessa nam 15.587 millj. kr. í árslok 2007.

## 45. Vöru- og efnisbirgðir

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
<b>Vöru- og efnisbirgðir</b>				
Landspítali - háskólasjúkrahús	508	3	-	511
Önnur sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir	189	8	-	198
Vegagerðin	415	-39	-	376
Námshagstofnun	134	5	-	139
Listasafn Íslands	40	2	-	42
Ýmsar stofnanir fatlaðra	26	-3	-	22
Flugmálastjórn	17	-17	-	-
Aðrir	151	59	-	210
<b>Vöru- og efnisbirgðir samtals</b>	<b>1.480</b>	<b>18</b>	<b>-</b>	<b>1.498</b>

Vörukaup ríkisstofnana í A-hluta eru almennt færð til gjalda nema þau séu beinlínis ætluð til endursölu. Hér er um að ræða vöru- og efnisbirgðir hjá tiltölulega fáum ríkisstofnunum í A-hluta og er

almennt ekki um stórvægilegar sveiflur að ræða á milli ára. Hvort birgðir eru færðar til eignar hjá stofnun ræðst því af eðli starfseminnar.

## 46. Óinnheimtar ríkistekjur

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Tekjur ársins	Innheimtar tekjur	Afskriftir ársins	Staða í árslok
<b>Óinnheimtar ríkistekjur</b>					
Skatttekjur og tryggingagjöld	79.385	408.521	-395.384	-6.811	85.710
Fjárframlög	30	927	-927	-	30
Aðrar tekjur	10.030	41.356	-37.354	-2.098	11.933
Sala efnislegra eigna	-	14.342	-14.263	-	79
Hagnaður af peningalegum eignum	-	20.983	-20.983	-	-
<b>Óinnheimtar ríkistekjur samtals</b>	<b>89.444</b>	<b>486.129</b>	<b>-468.912</b>	<b>-8.910</b>	<b>97.751</b>

Staða óinnheimtra ríkistekna nam 97.751 millj. kr. í árslok 2007 og hækkuðu útistandandi kröfur um 8.307 millj. kr. innan ársins. Er það 9,3% hækkun eða um 4,1% að rangildi. Útistandandi kröfur í árslok voru hæstar í fjármagnstekjuskatti 27.113 millj. kr.,

virðisaukaskatti 23.714 millj. kr., tekjuskatti einstaklinga 15.295 millj. kr. og tekjuskatti lögaðila 8.677 millj. kr. Í skýringu 3 kemur fram ítarlegri sundurliðun á þessum kröfum.

## 47. Skammtímakröfur, aðrar

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
<b>Skammtímakröfur, aðrar</b>				
<b>Fyrirfram greidd gjöld</b>	<b>701</b>	<b>154</b>	<b>-</b>	<b>856</b>
<b>Viðskiptareikningar, bráðabirgðalán</b>	<b>11.170</b>	<b>-2</b>	<b>0</b>	<b>11.168</b>
A-hluta stofnanir	7.114	2.259	-	9.373
Sveitarfélög	510	-33	-	477
Tryggingarfé vegna gjaldþrotaskipta	182	42	-	224
Skuldaviðurkenningar vegna aðflutningsgjalda	593	-31	-	562
Annað, óskipt	2.771	-2.240	0	532
<b>Veitt stutt lán</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>-</b>	<b>1</b>
Ýmis	1	0	-	1
<b>Skammtímakröfur, aðrar samtals</b>	<b>11.872</b>	<b>152</b>	<b>0</b>	<b>12.024</b>

Mörkin á milli viðskiptareikninga, bráðabirgðalána og veittra stuttra lána felast í því að til grundvallar veittu stuttu láni liggur ávallt skuldaviðurkenning með útgefnu skuldabréfi eða víxli. Hér er um að

ræða skammtímakröfur ríkissjóðs og ríkisstofnana á aðila utan A-hluta ríkissjóðs.

## 48. Handbært fé, nettó

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
<b>Sjóður</b>	<b>356</b>	<b>272</b>	<b>-</b>	<b>629</b>
Ríkisféhirðir	4	-2	-	2
Aðrir ríkisaðilar	352	275	-	627
<b>Bankareikningar, innstæður</b>	<b>92.649</b>	<b>11.856</b>	<b>-237</b>	<b>104.268</b>
Seðlabanki Íslands	81.783	13.386	-	95.169
Innlendar innlánsstofnanir	6.748	787	-	7.534
Erlendar innlánsstofnanir og gjaldeyrisreikningar	4.118	-2.317	-237	1.564
<b>Sjóður og bankainnstæður samtals</b>	<b>93.005</b>	<b>12.128</b>	<b>-237</b>	<b>104.897</b>
<b>Yfirdráttur bankareikninga</b>	<b>-621</b>	<b>23</b>	<b>-</b>	<b>-598</b>
Seðlabanki Íslands	-408	58	-	-350
Innlendar innlánsstofnanir	-213	-35	-	-248
<b>Handbært fé, nettó samtals</b>	<b>92.384</b>	<b>12.151</b>	<b>-237</b>	<b>104.299</b>

Að teknu tilliti til yfirdráttar á bankareikningum nam handbært fé A-hlutans 104.299 millj. kr. í árslok 2007 samanborið við 92.384 millj. kr. í ársbyrjun. Bætt staða á árinu nemur 11.914 millj. kr. Handbært fé í árslok skiptist þannig að hlutur ríkisstofnana nam 17.853 millj. kr. og ríkissjóðs 86.445 millj. kr. Handbært fé skiptist

þannig að í sjóðum voru 629 millj. kr., innstæður í Seðlabanka 94.819 millj. kr., innstæður í innlendum innlánsstofnunum voru 7.286 millj. kr. og 1.564 millj. kr. voru á gjaldeyrisreikningum í innlendum eða erlendum lánastofnunum.

## 49. Eigið fé

Í millj. kr.	Reikningur 2007	Reikningur 2006
<b>Eigið fé</b>		
Eigið fé í ársbyrjun	-63.376	-111.497
Breyting annars eigin fjár	-605	-142
Endurmat	-14.932	-33.533
Tekjujöfnuður	88.604	81.797
<b>Eigið fé í árslok</b>	<b>9.692</b>	<b>-63.376</b>

Eigið fé ríkissjóðs er ekki skilgreint með sama hætti og í almennum reikningsskilum fyrirtækja. Skýrist það einkum af því að varanlegir rekstrarfjármunir eru gjaldfærðir jafnóðum í reikningsskilum ríkisins en eru ekki eignfærðir í upphafi og afskrifaðir í samræmi við líftíma fjármunarins eins og hjá fyrirtækjum.

Yfirlitið sýnir að eigið fé ríkissjóðs var jákvætt um 9.692 millj. kr. í árslok 2007 samanborið við að vera neikvætt um 63.376 millj. kr. í árslok 2006. Staðan batnaði því umtalsvert á milli ára eða um 73.067 millj. kr., þar af um 88.604 millj. kr. vegna tekjuafgangs

ríkissjóðs á árinu 2007 en á móti voru neikvæðar hreyfingar á endurmatsreikningi og öðru eigin fé um 15.538 millj. kr. Er þetta í fyrsta sinn sem eigið fé er með jákvæða stöðu hjá ríkissjóði.

*Ríkisábyrgðir.* Auk formlegra og reiknaðra skuldbindinga ríkissjóðs hefur hann gengist í ábyrgð fyrir lántökum ýmissa aðila. Þessar skuldbindingar koma ekki fram í efnahagsreikningi ríkissjóðs. Eftirfarandi yfirlit sýnir hvernig þessar ábyrgðir skiptust eftir lántakendum í árslok 2006 og 2007.



Í millj.kr.	Eftirstöðvar í árslok 2007	Eftirstöðvar í árslok 2006	Breyting fjárhæð %	
<b>Skráðar ríkisábyrgðir</b>				
<b>Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir í B- og C-hluta</b>	<b>674.936</b>	<b>601.682</b>	<b>73.254</b>	<b>12,2</b>
Íbúðalánasjóður	656.470	582.654	73.816	12,7
Byggðastofnun	10.777	11.035	-258	-2,3
Rafmagnsveitur ríkisins	4.214	4.472	-258	-5,8
Ríkisútvarpið	3.423	3.467	-44	-1,3
Lyfjabúð Háskólans	53	54	-1	-1,3
<b>E-hluti sameignar- og hlutafélög</b>	<b>114.519</b>	<b>91.994</b>	<b>22.525</b>	<b>24,5</b>
Eignarhaldsfélagið Farice ehf.	872	901	-30	...
Landsvirkjun	105.999	83.312	22.687	27,2
Landssími Íslands hf.	4.715	4.635	80	1,7
Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.	2.167	2.394	-226	-9,5
Íslandspóstur hf.	765	752	13	1,7
<b>Sveitarfélög og fyrirtæki þeirra</b>	<b>111</b>	<b>911</b>	<b>-800</b>	<b>-87,8</b>
Akureyrarbær	-	761	-761	-100,0
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	111	150	-39	-25,7
<b>Atvinnuvegir</b>	<b>23.470</b>	<b>24.541</b>	<b>-1.071</b>	<b>-4,4</b>
Landsbanki Íslands hf.	4.715	4.754	-38	-0,8
Lánasjóður landbúnaðarins	15.097	15.219	-122	-0,8
KB-banki hf.	847	1.473	-626	-42,5
Glitnir hf.	352	348	4	1,0
Norræni Fjárfestingabankinn	1.425	1.479	-54	-3,6
Norðurál hf.	-	132	-132	-100,0
Sementsverksmiðjan hf.	380	376	3	0,9
Skýrr hf.	137	136	1	0,8
Samábyrgðin	129	126	4	2,9
Síldaúttegsnefnd	68	67	1	1,9
Tryggingadeild útflutnings	320	433	-113	-26,1
<b>Skráðar ríkisábyrgðir samtals</b>	<b>813.036</b>	<b>719.128</b>	<b>93.908</b>	<b>13,1</b>

Samkvæmt yfirliti Ríkisábyrgðasjóðs hækkuðu skráðar ríkisábyrgðir hjá sjóðnum úr 719.128 millj. kr. í árslok 2006 í 813.036 millj. kr. í árslok 2007. Hækkun á milli ára nemur 93.908 millj. kr. eða um 13,1%.

## 50. Lífeyrisskuldbindingar

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Nýjar skuld- bindingar á árinu	Greiðslur á árinu	Endurmat ársins	Staða í árslok
<b>Árið 2007</b>					
Lífeyrisskuldbindingar brúttó	335.856	23.805	-15.106	23.347	367.902
- Fyrirframgreitt upp í lífeyrisskuldbindingar	-125.780	-2.886	-5.827	-2.758	-137.250
<b>Hreinar lífeyrisskuldbindingar</b>	<b>210.077</b>	<b>20.919</b>	<b>-20.933</b>	<b>20.590</b>	<b>230.652</b>
<b>Árið 2006</b>					
Lífeyrisskuldbindingar brúttó	291.943	19.234	-6.307	30.987	335.856
- Fyrirframgreitt upp í lífeyrisskuldbindingar	-100.600	-7.278	-5.875	-12.027	-125.780
<b>Hreinar lífeyrisskuldbindingar</b>	<b>191.343</b>	<b>11.956</b>	<b>-12.182</b>	<b>18.959</b>	<b>210.077</b>
<b>Breyting á milli ára</b>	<b>18.734</b>	<b>8.963</b>	<b>-8.751</b>	<b>1.631</b>	<b>20.576</b>

Yfirlitið sýnir hreinar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs, þ. e. heildar lífeyrisskuldbindingar að frádrögnum fyrirframgreiðslum ríkissjóðs upp í skuldbindingarnar. Fram kemur að hreinar lífeyrisskuldbindingar hækka úr 210.077 millj. kr. í ársbyrjun í 230.652 millj. kr. í árslok. Hækkun á árinu 2007 nam því 20.576 millj. kr. eða um 9,8%. Hækkun vísitölu launa opinberra starfsmanna og bankamanna var 6,7% á árinu 2007. Að raungildi var staða hreinna lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs því um 2,9% hærri í árslok en í ársbyrjun. Jafnframt kemur fram að gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga hækkar úr 11.956 millj. kr. árið 2006 í 20.919 millj. kr. árið 2007 eða um 8.963 millj. kr. á milli ára. Hluti af hækkuninni skýrist af lægri ávöxtun á inneign ríkissjóðs hjá lífeyrissjóðunum vegna fyrirframgreiðslna. Þannig koma 2.886 millj. kr. til lækkunar á gjaldfærslunni árið 2007 í stað 7.278 millj. kr. árið áður. Mismunurinn á milli ára nemur 4.392 millj. kr.

Greiðslur ríkissjóðs vegna lífeyrisskuldbindinga námu alls 20.933 millj. kr. á árinu 2007 og eru þær í aðalatriðum af þrennum toga. Í fyrsta lagi voru greiddar 7.074 millj. kr. vegna lífeyrishækkana hjá lífeyrisþegum. Í öðru lagi voru gerðar upp uppsafnaðar skuldbindingar Flugmálastjórnar Íslands og Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins samtals að fjárhæð 8.032 millj. kr. Var það gert í tengslum við breytingu á stofnunum í hlutafélög, þ. e. Flugstoðir ohf. og Matís ohf. Loks greiddi ríkissjóður 5.827 millj. kr. í fyrirframgreiðslur upp í lífeyrisskuldbindingar hjá lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga.

Eftirfarandi yfirlit sýnir hvernig hreinar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs skiptast eftir lífeyrissjóðum.

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Nýjar skuld- bindingar á árinu	Greiðslur á árinu	Endurmat ársins	Staða í árslok
<b>Hreinar lífeyrisskuldbindingar</b>					
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (B-deild LSR)	172.480	18.180	-19.442	17.332	188.550
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (LH)	18.458	1.964	-769	1.947	21.601
Alþingismenn	7.045	133	-298	477	7.357
Ráðherrar	1.623	78	-65	112	1.748
Embætti forseta, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara o. fl.	2.485	356	-126	179	2.894
Eftirlaunasjóður fyrrverandi starfsmanna Útvegsbanka Íslands	3.836	151	-176	263	4.074
Eftirlaunasjóður fyrrverandi bankastjóra Útvegsbanka Íslands	409	-23	-43	27	370
Ýmsar úttektir vegna lífeyrisskuldbindinga	-	5	-5	-	-
Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	3.741	75	-10	254	4.060
<b>Hreinar lífeyrisskuldbindingar samtals</b>	<b>210.077</b>	<b>20.919</b>	<b>-20.933</b>	<b>20.590</b>	<b>230.652</b>
þar af lífeyrisskuldbindingar í efnahagsreikningi	210.098	19.910	-19.968	20.590	230.629
þar af viðskiptaskuldir	1	23	-1	-	23
þar af viðskiptakröfur	-22	-	22	-	-
<b>Ríkissjóður samtals</b>	<b>210.077</b>	<b>19.933</b>	<b>-19.947</b>	<b>20.590</b>	<b>230.652</b>
<b>Ríkisstofnanir vegna viðbótarframlags</b>	<b>-</b>	<b>986</b>	<b>-986</b>	<b>-</b>	<b>-</b>

Hreinar lífeyrisskuldbindingar í árslok 2007 að fjárhæð 230.652 millj. kr. skiptast þannig í efnahagsreikningi ríkissjóðs að viðskiptaskuldir nema 23 millj. kr. og langtímaskuldbindingar 230.629 millj. kr. Af lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs eru þær þyngstar gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) eða um 81,7% og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga (LH) 9,4%.

Gjaldfærsla ársins 2007 nemur 20.919 millj. kr. Innan ársins hafa ríkisstofnanir greitt samtals 986 millj. kr. í viðbótarframlög til LSR og LH sem þær hafa gjaldfært jafnóðum í reikningsskilum sínum. Afgangurinn eða 19.933 millj. kr. færast til gjalda hjá ríkissjóði undir fjármálaráðuneyti (skýring 35).

Í fyrri yfirlitinu kemur meðal annars fram að heildarlífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs hækkuðu um 47.152 millj. kr. eða 14,0% á árinu 2007, þar af nema gjöldin 23.805 millj. kr. og endurmat ársins 23.347 millj. kr. Þessi hækkun er 6,9% umfram breytingu á vísitölu launa opinberra starfsmanna og bankamanna. Stóran hluta af þeirri hækkun má rekja til breytinga á ytri forsendum við útreikningana í árslok 2007 samanborið við árið á undan. Eftirfarandi yfirlit sýnir þessi áhrif í grófum dráttum.

Í millj. kr.	Lífeyrissjóður starfsm. ríkisins	Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	Staða í árslok
<b>Áhrif ytri forsenda á lífeyrisskuldbindingar</b>			
Lækkað eignahlutfall lífeyrissjóðs	5.610	369	5.979
Aukin kostnaðarhlutdeild	4.056	1.434	5.490
Lakari ávöxtun LSR og LH	3.675	717	4.392
<b>Áhrif ytri forsenda á lífeyrisskuldbindingar samtals</b>	<b>13.341</b>	<b>2.520</b>	<b>15.861</b>

Samanlagt á árinu 2007 koma áhrif breyttra ytri forsenda fram í hækkun lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs um 15.861 millj. kr. miðað við árslok 2007. Að frátöldum áhrifum af breyttum ytri forsendum nemur hækkunin 31.291 millj. kr. eða um 9,3%. Er það 2,4% umfram hækkun á vísitölu launa opinberra starfsmanna og bankamanna á árinu 2007.

Við tryggingafræðilega útreikninga í árslok 2007 voru lífslíkutöflur óbreyttar frá síðasta ári en þær taka mið af reynslu árána 2001-2005. Fram kemur í töflunni að eignastaða LSR og LH hefur rýrnað sem hlutfall af óuppgerðum skuldbindingum sjóðanna, en það lækkaði á milli ára úr 5,1% í 3,3% hjá LSR og úr 21,3% í 20,4% hjá LH. Þar með eykst hlutdeild ríkissjóðs í skuldbindingunum eða um alls 5.979 millj. kr. samanborið við óbreytt hlutfall frá árinu á undan. Þá var hlutdeild ríkissjóðs í skuldbindingum sjálfseignarstofnana aukin í 30% í árslok 2007, en í flestum tilvikum var miðað við 20% árið 2006. Áhrif þessa eru metin um 5.490 millj. kr.

Með sérstöku samkomulagi fjármálaráðherra við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga síðla árs 1999 var ákveðið að ríkissjóður greiddi fyrirfram upp í lífeyrisskuldbindingar sínar gagnvart sjóðunum. Var það gert í því skyni að byggja upp eiginfjárstöðu sjóðanna þannig að þeir verði betur í stakk búin til að mæta auknu útstreymi sem er fyrirséð á næstu árum og áratugum. Samkomulagið kveður á um að inneign ríkissjóðs uppfærast árlega með vöxtum og verðbótum í samræmi við raunávöxtun sjóðanna á viðkomandi reikningsári. Undanfarin ár hefur ríkissjóður greitt umtalsverðar fjárhæðir til lífeyrissjóðanna fyrirfram upp í skuldbindingar sínar og í árslok 2007 nam inneignin alls 137.250 millj. kr. með vöxtum og verðbótum en hún nam 125.780 millj. kr. í ársbyrjun. Hækkun á inneigninni nam því 11.470 millj. kr. á árinu, þar af námu innborganir 5.827 millj. kr. Vextir og verðbætur af inneigninni námu alls 5.643 millj. kr. Hrein raunávöxtun sjóðanna var neikvæð á árinu 2007 og var það í fyrsta skipti á síðustu fimm árum. Ávöxtunin var -0,64% hjá B-deild LSR og -1,47% hjá LH á árinu 2007.

## 51. Áfallnir ógjaldfallnir vextir, langtímaskuldir

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
<b>Áfallnir ógjaldfallnir vextir</b>	<b>750</b>	<b>-87</b>	<b>-</b>	<b>662</b>

Áfallnir ógjaldfallnir langtímavextir eru af spariskírteinum ríkissjóðs. Þeir falla til og bætast við höfuðstólinn á hverju reikningstímabili,

en greiðast við innlaun. Sjá einnig skýringu 55 þar sem fjallað er um áfallna ógjaldfallna vexti af skammtímaskuldum.

## 52. Tekin löng lán

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Ný lán á árinu	Afborganir á árinu	Endurmat ársins	Staða í árslok
<b>Tekin löng lán eftir lánveitendum</b>	<b>285.523</b>	<b>57.045</b>	<b>-38.365</b>	<b>-7.427</b>	<b>296.776</b>
Endurlán, innlend	838	-	-838	-	-
Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir í B- og C-hluta	53	-	-44	-	9
Innlánsstofnanir	4	-	-4	-	-
Lánastofnanir	2.576	26.881	-605	1.704	30.557
Sveitarfélög	68	-	-4	-	64
Fyrirtæki og atvinnuvegir	61	-	-4	1	58
Einstaklingar, félög og samtök	3	-	-1	-	2
Seld markaðsverðbréf, óskipt	106.742	25.805	-21.480	668	111.735
Erlendir aðilar	175.177	4.359	-15.385	-9.799	154.351
<b>Tekin löng lán eftir gjaldmiðlum</b>					
<b>Innlend lán, löng lán</b>	<b>110.346</b>	<b>52.686</b>	<b>-22.980</b>	<b>2.372</b>	<b>142.425</b>
Ríkisbréf	89.829	25.805	-20.646	-	94.987
Spariskírteini	16.914	-	-833	668	16.748
Önnur innlend	3.604	26.881	-1.500	1.704	30.690
<b>Erlend lán, löng lán</b>	<b>175.177</b>	<b>4.359</b>	<b>-15.385</b>	<b>-9.799</b>	<b>154.351</b>
Bandaríkjadólar	20.208	6.381	-3.090	-2.948	20.551
Evra	133.553	17.611	-24.157	-4.959	122.047
Japanskt yen	3.031	-	-	-257	2.774
Bresk pund	12.479	-16.524	11.862	-1.305	6.512
Svissneskir frankar	5.907	-3.109	0	-330	2.468
Aðrar myntir	0	-	0	-	0
<b>Tekin löng lán samtals</b>	<b>285.523</b>	<b>57.045</b>	<b>-38.365</b>	<b>-7.427</b>	<b>296.776</b>

Nýjar lántökur langtímalána námu 57.045 millj. kr. á árinu 2007 og afborganir 38.365 millj. kr. Lántökurnar voru því 18.680 millj. kr. umfram afborganir af löngum lánum.

Tekin ný löng innlend lán reyndust 29.707 millj. kr. hærrí en afborganir á árinu 2007. Innlands lánsfjár var einkum aflað með ríkisbréfum eða sem nam 25.805 millj. kr. en afborganir af þeim námu 20.646 millj. kr. Engin spariskírteini voru gefin út á árinu 2007. Aðrar innlendar lántökur námu 26.881 millj. kr. og var það lántaka við kaup ríkissjóðs á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Ný erlend lán ríkissjóðs námu 4.359 millj. kr. á árinu 2007 en afborganir námu 15.385 millj. kr. Afborganir af erlendum lánum voru því 11.027 millj. kr. umfram nýjar lántökur á árinu 2007.


Staða langra lána ríkissjóðs hækkaði úr 285.523 millj. kr. í árslok 2006 í 296.776 millj. kr. í árslok 2007. Hækkun á milli ára nam því 11.253 millj. kr. Ný tekin lán umfram afborganir námu 18.680

millj. kr. og endurmat lána vegna verðlags- og gengisbreytinga var neikvætt um 7.427 millj. kr.

Staða innlendra skulda ríkissjóðs til langs tíma nam 142.425 millj. kr. í árslok 2007, þar af voru ríkisbréf 94.987 millj. kr., spariskírteini 16.748 millj. kr. og 24.888 millj. kr. skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga og 3.114 millj. kr. við Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar vegna kaupa ríkissjóðs á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Erlendar skuldir ríkissjóðs námu 154.351 millj. kr. eða 52,0% af löngum lánum í árslok 2007. Samsetning erlendra langtímaskulda var þannig að 13,3% voru í bandaríkjadóllum, 79,1% í evrum, 4,2% í sterlingspundum, 1,8% í japönskum yenum og 1,6% í svissneskum frönskum.

Eftirfarandi mynd sýnir samsetningu skulda ríkissjóðs til langs tíma eftir gjaldmiðlum í árslok 2007.

## Tekin löng lán ríkissjóðs eftir gjaldmiðlum, %



Næsta árs afborganir af teknum löngum lánum eru fluttar af langtímaskuldum á skammtímaskuldir á efnahagsreikningi í árslok. Áætluð fjárhæð vegna þessa nam 43.951 millj. kr. í árslok

2007, þar af eru 31.334 millj. kr. af innlendum lánum, einkum ríkisbréfum, og 12.618 millj. kr. af erlendum lánum.

## 53. Krafa á ríkistekjur

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
<b>Kröfur á óinnheimtar ríkistekjur</b>				
Markaðar skatttekjur	505	122	-	628
Aðrar rekstrartekjur	115	-65	-	50
<b>Kröfur á óinnheimtar ríkistekjur samtals</b>	<b>620</b>	<b>58</b>	<b>-</b>	<b>678</b>

Krafa á ríkistekjur sýnir 678 millj. kr. skuld ríkissjóðs í árslok 2007. Hér er um að ræða skuldir ríkissjóðs við aðila utan A-hluta ríkissjóðs sem eiga kröfu á markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur.

## 54. Ógreidd gjöld (án vaxta)

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
<b>Ógreidd gjöld</b>				
Ógreitt vegna sjúkrahúsa og sjúkrastofnana	2.693	-76	-	2.617
Ógreitt vegna heilsugæslustöðva	186	174	-	360
Ógreitt vegna kirkjugarðsgjalda, sóknargjalda ofl.	270	-48	-	222
Ógreidd gjöld launafrádráttur	50	1.272	-	1.322
Ógreidd gjöld annarra A-hluta stofnana	6.923	1.638	-	8.561
Ógreiddar afurðatjónsbætur riðuveikifjár	34	-	-	34
<b>Ógreidd gjöld samtals</b>	<b>10.155</b>	<b>2.959</b>	<b>-</b>	<b>13.115</b>

Ógreidd gjöld (án vaxta) eru ýmis áfallin gjöld sem koma til greiðslu eftir að uppgjörstímabili lýkur.

## 55. Áfallnir ógjaldfallnir vextir, skammtímaskuldir

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
<b>Áfallnir ógjaldfallnir vextir</b>	<b>5.323</b>	<b>1.038</b>	<b>-</b>	<b>6.361</b>

Áfallnir ógjaldfallnir vextir, skammtímaskuldir eru reiknaðir vextir til ársloka 2007 af skuldum ríkissjóðs, sem koma til greiðslu á árinu 2008. Áfallin ógjaldfallin vaxtagjöld ríkissjóðs skiptast í tvennt. Annars vegar eru skammtíma vextir eins og þeir eru tilgreindir hér að

framan. Hins vegar eru langtíma vextir, en þeir falla undir langtímaskuldbindingar (samanber skýringu 51). Mörkin þarna á milli eru að skammtíma vextirnir koma til greiðslu innan eins árs frá uppgjörstími, en langtíma vextirnir síðar.

## 56. Tekin stutt lán

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Ný lán á árinu	Afborganir á árinu	Endurmat ársins	Staða í árslok
<b>Tekin stutt lán</b>					
Ríkisvixlar	6.254	50.130	-42.834	-	13.550
Tekin stutt lán, önnur	-	23	-	-	23
<b>Tekin stutt lán samtals</b>	<b>6.254</b>	<b>50.153</b>	<b>-42.834</b>	<b>-</b>	<b>13.573</b>

Mismunur á teknum stuttum lánum og öðrum skammtímaskuldum er að skuldaviðurkenning í formi útgefins skuldabréfs eða víxils, til skemmri tíma en eins árs, er ávallt til staðar fyrir hvert tekið stutt lán.

Ríkisvixlar eru skammtímaskuldir til eins árs eða skemur. Uppistaðan

í ofangreindum fjárhæðum eru vixlar til 3ja mánaða. Útistandandi ríkisvixlar í árslok 2007 námu 13.550 millj. kr., hækkuðu um 7.296 millj. kr. frá ársbyrjun. Sala nýrra ríkisvixla nam 50.130 millj. kr. og innlausn þeirra var 42.834 millj. kr.

## 57. Aðrar skammtímaskuldir

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
<b>Aðrar skammtímaskuldir</b>				
Ríkissjóður	7.010	-1.753	-	5.256
A-hluta stofnanir	5.171	-21	-	5.150
<b>Aðrar skammtímaskuldir samtals</b>	<b>12.181</b>	<b>-1.774</b>	<b>-</b>	<b>10.407</b>

Aðrar skammtímaskuldir eru skuldir á viðskiptareikningum þar sem hvorki skuldabréf eða víxill liggja til grundvallar. Hér er um að ræða skammtímaskuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana við aðila utan A-hluta ríkissjóðs.

Þessar skuldir námu alls 10.407 millj. kr. í árslok 2007, þar af voru skuldir ríkissjóðs 5.256 millj. kr. og stofnana 5.150 millj. kr.

Hjá ríkissjóði vegur þyngst 3.943 millj. kr. skammtímaskuld vegna afdreginnar staðgreiðslu af launþegum og launatengdra gjalda vegna desembermánaðar sem skilað var í janúarmánuði 2008. Hjá A-hluta stofnunum eru skammtímaskuldir hæstar hjá Tryggingastofnun ríkisins 1.263 millj. kr. og Lífeyristryggingum 647 millj. kr.

RÍKISREIKNINGUR  
2007

fjs



SÉRYFIRLIT  
A-HLUTA RÍKISSJÓÐS





## SÉRYFIRLIT 1. Tekjur ríkissjóðs – sundurliðun

Í þús.kr.	Tekjur 2007	Fjárlög/ Fjáráukalög 2007	Innheimt 2007	Tekjur 2006
<b>I Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>408.521</b>	<b>413.058</b>	<b>395.384</b>	<b>377.153</b>
<b>11 Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>153.492</b>	<b>164.720</b>	<b>143.937</b>	<b>137.628</b>
<b>111 Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar</b>	<b>85.521</b>	<b>89.600</b>	<b>83.933</b>	<b>81.453</b>
Tekjuskattur	85.560	89.600	83.862	81.121
Sérstakur tekjurskattur	-39	-	70	332
<b>112 Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar</b>	<b>36.584</b>	<b>41.000</b>	<b>34.790</b>	<b>32.427</b>
Tekjuskattur	36.584	41.000	34.790	32.427
<b>113 Skattur á fjármagnstekjur</b>	<b>31.387</b>	<b>34.120</b>	<b>25.214</b>	<b>23.748</b>
Skattur á fjármagnstekjur, ríkissjóður	2.442	3.220	614	1.266
Skattur á fjármagnstekjur, aðrir	28.945	30.900	24.600	22.482
<b>12 Skattar á launagreiðslur og vinnuafli</b>	<b>1.519</b>	<b>1.443</b>	<b>1.397</b>	<b>390</b>
Markaðsgjald	369	382	367	336
Tryggingagjald, hluti Vinnueftirlits ríkisins	-	-	0	-
Tryggingagjald, hluti Staðlaráðs	52	53	51	48
Tryggingagjald, hluti Icepro	7	8	7	7
Launaskattur	0	-	-	-
Tryggingagjald, lífeyrissjóðir	1.090	1.000	971	-
<b>13 Eignarskattar</b>	<b>11.956</b>	<b>11.165</b>	<b>11.834</b>	<b>8.754</b>
<b>132 Skattar á hreina eign, reglubundnir</b>	<b>-8</b>	<b>-</b>	<b>134</b>	<b>50</b>
Eignarskattur, einstaklingar	11	-	140	-8
Eignarskattur, lögaðilar	-18	-	6	58
<b>133 Erfðafjárskattur</b>	<b>1.663</b>	<b>1.850</b>	<b>1.618</b>	<b>951</b>
<b>134 Skattar á fjármála- og fjármagnsviðskipti</b>	<b>9.484</b>	<b>8.710</b>	<b>9.334</b>	<b>7.147</b>
Stimpilgjald	9.484	8.710	9.334	7.147
<b>135 Eignarskattar, óreglubundnir</b>	<b>460</b>	<b>280</b>	<b>401</b>	<b>297</b>
Skipulagsgjald	460	280	401	297
<b>136 Eignarskattar, reglubundnir, ótaldir annars staðar</b>	<b>356</b>	<b>325</b>	<b>347</b>	<b>310</b>
Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins	356	325	347	310
<b>14 Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>194.795</b>	<b>189.146</b>	<b>192.086</b>	<b>185.837</b>
<b>141 Almennir skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>137.710</b>	<b>134.000</b>	<b>135.388</b>	<b>132.122</b>
Virðisaukaskattur	137.710	134.000	135.388	132.122
<b>142 Vörugjöld</b>	<b>45.891</b>	<b>44.737</b>	<b>45.684</b>	<b>43.653</b>
Vörugjald, almennt	4.161	4.850	4.279	4.476
Vörugjald af ökutækjum	11.208	10.000	11.005	10.083
Vörugjöld, almennt, af eldsneyti	1.948	2.080	1.948	2.060
Sérstakt vörugjald af eldsneyti	7.220	7.350	7.220	6.935
Olíugjald	6.224	5.940	6.096	5.560
Vörugjöld af áfengi	8.057	7.880	8.046	7.546
Vörugjöld af tóbaki	3.903	3.890	3.903	3.837
Vörugjöld, umhverfisskattar	1.891	1.560	1.896	1.814
Flutningsjöfnunargjöld	374	401	376	368
Vörugjöld í landbúnaði	681	663	694	742
Vörugjöld, eftirlitsgjöld	66	44	67	83
Vörugjöld af rafmagni, eftirlitsgjöld	60	-	60	51
Sérstakt vörugjald vegna hafna	-	-	-	2
Ýmis vörugjöld	97	79	95	97

## SÉRYFIRLIT 1. Tekjur ríkissjóðs – sundurliðun

Í þús.kr.	Tekjur 2007	Fjárlög/ Fjárukalög 2007	Innheimt 2007	Tekjur 2006
<b>144 Sértækir þjónustuskattar</b>	<b>3.026</b>	<b>2.749</b>	<b>2.966</b>	<b>2.609</b>
Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins	603	580	606	435
Forvarnargjald	1.113	970	1.073	979
Brunavarnargjald	236	207	230	208
Flugvallagjöld	1.074	992	1.057	987
<b>145 Neyslu- og leyfisskattar</b>	<b>8.168</b>	<b>7.660</b>	<b>8.047</b>	<b>7.453</b>
Bifreiðagjald	4.435	4.440	4.425	4.110
Pungaskattur	-5	-	11	-34
Kílómetragjald	1.347	1.260	1.184	1.205
Skipagjöld	167	133	170	164
Skráningargjöld	877	764	875	778
Leyfi fyrir atvinnustarfsemi	72	48	71	69
Leyfi fyrir veitingu atvinnuréttinda	21	-	21	17
Leyfis- og vottorðsgjöld	209	122	209	148
Eftirlitsgjöld	847	818	842	784
Aðrir neyslu- og leyfisskattar	201	76	239	211
<b>15 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti</b>	<b>5.452</b>	<b>5.437</b>	<b>5.297</b>	<b>4.621</b>
<b>151 Tollar</b>	<b>5.446</b>	<b>5.437</b>	<b>5.292</b>	<b>4.618</b>
Tollar, almennir	5.425	5.425	5.270	4.596
Aðrir tollar	21	12	21	22
<b>152 Útflutningsgjöld</b>	<b>5</b>	<b>-</b>	<b>5</b>	<b>3</b>
<b>16 Aðrir skattar</b>	<b>1.713</b>	<b>1.622</b>	<b>1.684</b>	<b>1.508</b>
<b>161 Skattar á atvinnurekstur</b>	<b>583</b>	<b>477</b>	<b>580</b>	<b>485</b>
Framleiðslugjald af áli	-	-	3	41
Iðnaðarmálagjald	371	259	375	271
Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar	13	26	16	21
Rekstrargjald Póst- og fjarskiptastofnunar	57	75	57	18
Rafveitueftirlitsgjald	141	117	128	134
<b>162 Aðrir skattar ótilgreindir annars staðar</b>	<b>1.130</b>	<b>1.145</b>	<b>1.104</b>	<b>1.024</b>
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.130	1.145	1.104	1.024
<b>18 Tryggingagjöld</b>	<b>39.594</b>	<b>39.525</b>	<b>39.150</b>	<b>38.414</b>
<b>181 Tryggingagjöld vegna almannatrygginga</b>	<b>39.594</b>	<b>39.525</b>	<b>39.150</b>	<b>38.414</b>
Tryggingagjald, almennt, hl. lífeyris- og slysatr.	25.934	25.380	25.741	25.863
Tryggingagjald, almennt, hl. Fæðingarorlofssjóðs	8.066	8.254	7.911	7.381
Atvinnutryggingagjald	4.790	4.968	4.707	4.362
Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna launa	752	764	733	657
Slysatryggingagjald útgerðarmanna af launum og aflahlut sjómanna	52	160	58	151
<b>II Fjárframlög</b>	<b>927</b>	<b>992</b>	<b>927</b>	<b>1.662</b>
<b>31 Fjárframlög frá opinberum aðilum, erlendum</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>26</b>
Framlag Bandaríkjanna til löggæslu	-	-	-	26
<b>33 Fjárframlög frá hinu opinbera</b>	<b>927</b>	<b>992</b>	<b>927</b>	<b>1.637</b>
Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	488	440	488	417
Sveitarfélög viðbótarframlag vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	373	480	373	483
Hluti sveitarfélaga í rekstri Umferðaskólans	8	9	8	7

## SÉRYFIRLIT 1. Tekjur ríkissjóðs – sundurliðun

Í þús.kr.	Tekjur 2007	Fjárlög/ Fjáráukalög 2007	Innheimt 2007	Tekjur 2006
Umsýslubóknun vegna tekjustofna vegáætlunar	59	63	59	57
Verkefnasjóður sjávarútvegsins	-	-	-	672
<b>III Aðrar tekjur</b>	<b>41.356</b>	<b>35.588</b>	<b>37.354</b>	<b>28.937</b>
<b>41 Eignatekjur</b>	<b>30.792</b>	<b>27.645</b>	<b>27.889</b>	<b>20.015</b>
<b>411 Vaxtatekjur</b>	24.484	24.990	24.229	17.733
Dráttarvextir og álag af ríkissjóðstekjum	4.162	5.480	3.907	5.339
Vextir af skammtímakröfum	10.449	10.070	10.449	6.017
Vextir af langtímakröfum	9.872	9.440	9.873	6.377
<b>412 Arðgreiðslur</b>	<b>3.301</b>	<b>980</b>	<b>964</b>	<b>674</b>
Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	2.393	100	56	50
Arðgreiðslur frá sameignarfélögum	500	500	500	213
Arðgreiðslur af hlutabréfum	402	340	402	341
Aðrar arðgreiðslur	6	40	6	69
<b>413 Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja</b>	<b>1.477</b>	<b>832</b>	<b>1.477</b>	<b>898</b>
Rekstrarhagnaður ÁTVR, hluti	152	152	152	161
Fjárframlag Hapdrættis HÍ til Háskóla Íslands	1.325	680	1.325	485
Rafmagnsveitur ríkisins	-	-	-	252
<b>415 Leigutekjur</b>	<b>1.530</b>	<b>843</b>	<b>1.220</b>	<b>711</b>
Afgjöld ríkisjarða	47	44	48	47
Lóðarleiga	467	-	446	81
Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	875	638	585	421
Leyfisgjald Hapdrættis HÍ	127	150	127	150
Annað	13	11	13	11
<b>42 Sala á vöru og þjónustu</b>	<b>7.804</b>	<b>6.622</b>	<b>7.825</b>	<b>7.165</b>
<b>422 Neyslu- og leyfisgjöld</b>	<b>7.804</b>	<b>6.622</b>	<b>7.825</b>	<b>7.165</b>
<b>Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu</b>	<b>5.859</b>	<b>5.230</b>	<b>5.910</b>	<b>5.470</b>
Dómsmálagjöld og gjöld fyrir embættisverk sýslum.	544	525	544	477
Áhættugjöld	273	260	273	264
Lendingargjöld	694	610	711	744
Innritunargjöld	925	669	925	851
Afnotagjöld Ríkisútvarpsins	2.769	2.790	2.833	2.580
Prófgjöld	35	20	35	34
Vottorðsgjöld	78	22	79	83
Aðgangur að opinberum skrám	542	333	511	439
<b>Neyslu- og leyfisgjöld, eftirlitsgjöld</b>	<b>702</b>	<b>604</b>	<b>678</b>	<b>518</b>
Skoðunargjöld Vinnueftirlits ríkisins	149	101	155	133
Eftirlits- og starfrækslugjöld vegna radíótækni	11	133	11	5
Fisksjúkdómagjald	4	1	2	4
Gjald af sláturleyfishöfum	10	12	11	10
Heilbrigðiseftirlitsgjald með sláturafurðum	95	84	95	87
Mengunareftirlitsgjald	10	7	6	11
Eftirlitsgjöld Geislavarna ríkisins	6	5	7	6
Gjald til eftirlitsnefndar félags fasteignasala	27	19	27	19
Umsóknar-, faggildingar- og eftirlitsgjöld	7	9	8	19
Löggildingargjöld	9	9	8	9
Skoðunargjald kvikmynda	-	-	1	2
Þjónustugjöld Lyfjastofnunar	110	78	93	84
Eftirlitsgjöld loftfara og flugrekenda	-45	78	-	109
Skoðunargjöld skipa	1	1	1	1

## SÉRYFIRLIT 1. Tekjur ríkissjóðs – sundurliðun

Í þús.kr.	Tekjur 2007	Fjárlög/ Fjáraukalög 2007	Innheimt 2007	Tekjur 2006
Umsýslu- og eftirlitsgjald v/ársreikninga	74	-	74	-
Árgjöld vegna framhaldsvottunar og eftirlits	215	35	162	-
Innflutningseftirlitsgjald til dýralækna	4	5	4	5
Eftirlit dýralækna	13	26	13	15
Annað	-	2	-	-
<b>Neyslu- og leyfisgjöld, ýmis</b>	<b>1.243</b>	<b>788</b>	<b>1.237</b>	<b>1.177</b>
Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki og hönnunarvernd	153	113	156	175
Göngudeildargjöld	132	100	132	114
Tollafgreiðslugjald	96	25	89	42
Auglýsingar í Lögbirtingablaði	21	20	23	21
Vegabréf	142	140	142	170
Gjald vegna skráningarmarkja ökutækja	69	-	69	199
Ökuskírteini	82	84	82	77
Þinglýsing	215	200	215	199
Útgáfa skírteina	11	6	11	8
Ljósrit og endurrit úr embættisbókum	223	100	223	172
Auglýsingar í stjórnartíðindum	24	-	21	-
Annað	76	-	74	-
<b>43 Sektor og skaðabætur</b>	<b>2.673</b>	<b>1.255</b>	<b>1.552</b>	<b>1.649</b>
Lögreglustjóresektir	768	700	753	535
Dómsektir	315	300	182	593
Stjórnvaldssektir	1.238	-	469	126
Sektor af skatttekjum	332	205	135	361
Aðrar sektir	19	50	13	34
<b>44 Ýmsar tekjur</b>	<b>88</b>	<b>67</b>	<b>88</b>	<b>108</b>
Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota	71	67	71	69
Annað	16	-	16	39
<b>IV Sala efnislegra eigna</b>	<b>14.342</b>	<b>16.400</b>	<b>14.263</b>	<b>1.737</b>
<b>81 Sala fastafjármuna</b>	<b>14.222</b>	<b>16.400</b>	<b>14.222</b>	<b>1.737</b>
Sala fasteigna	895	900	895	289
Sala mannvirkja á fyrrum varnarsv. Keflavíkurflugv.	12.834	15.300	12.834	-
Sala á landi og jarðeignum	82	-	82	1.003
Sala á eignum Jarðasjóðs	410	200	410	298
Sala annarra fastafjármuna	-	-	-	148
<b>84 Sala náttúruauðæfa og viðskiptasamninga</b>	<b>120</b>	<b>-</b>	<b>41</b>	<b>-</b>
Sala á viðskiptarétt., viðskiptavildar, kaupleigusamn.	120	-	41	-
<b>V Tekjur af peningalegum eignum</b>	<b>20.983</b>	<b>6.138</b>	<b>20.983</b>	<b>12.472</b>
<b>92 Hagnaður af sölu hlutabréfa</b>	<b>6.138</b>	<b>6.138</b>	<b>6.138</b>	<b>274</b>
Hitaveita Suðurnesja hf.	6.136	6.136	6.136	-
Lánasjóður landbúnaðarins	-	-	-	260
Sala annarra hlutabréfa	2	2	2	14
<b>95 Aðrar tekjur af peningalegum eignum</b>	<b>14.845</b>	<b>-</b>	<b>14.845</b>	<b>12.198</b>
RARIK ohf, endurmetið virði við hlutafjávæðingu	-	-	-	12.198
Landsvirkjun, matshækkun	13.547	-	13.547	-
Flugstoðir ohf, endurmetið virði við hlutafjávæð.	1.298	-	1.298	-
